FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING
64. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR
frettabladid.is
FÖSTUDAGUR 1. APRÍL 2022


# GRÆJUR FYRIR FERMINGARBÖRN Á ÖLLUM ALDRI

Það má skila fermingargjöfum með skilamiða til 30. júní

Skannaðu QR kóðann til að skoða fermingarblaðið í heild sinni á elko.is




**APPLE**
**Watch SE - 40 mm**
- Stútfullt af möguleikum
- Hjartsláttarmælir, hæðarmælir ofl.
- Hægt að tengja kort við úrið og borga með því
- Vatnshelt að 50 metrum

MKQ13 MKQ03 MKNY3

WATCH SE

**56.995**

Eða **5.649 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 67.783 kr. - ÁHK 37%

## SJÁÐU FRAMTÍÐINA Í RAFMAGNSBÍLUM



**Komdu og prófaðu nýja rafmagnsbílinn frá Sony í ELKO Lindum, aðeins í dag. Sjá nánar á blogg.elko.is**

V I S I O N - S

ELKO

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana.

ELKO



**SAMSUNG**
**S21 FE 5G**
- 6,4" 120 Hz AMOLED skjár
- 12/12/8 MP bakmyndavélar, 4K upptaka
- 128 GB minni, 6 GB vinnsluminni
- Fingrafaraskanni, 4500 mAh rafhlaða

SMG990BPUR

**129.995**
Eða **11.967 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 143.605 kr. - ÁHK 19,7%

# APPLE VÖRUR Í ÚRVALI



**APPLE**
**iPhone 13**
- 6,1" Super Retina XDR skjár
- Wide og Ultra wide linsur, 4K upptaka í 60 fps
- A15 Bionic, MagSafe, Cinematic mode, 5G o.fl.
- Allt að 17 klst. afspilun myndbanda

MLPK3 MLPJ3 MLPH3 MLPG3 MLPF3 MNGK3

iPhone 13

**152.995**
Eða **13.951 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 167.410 kr. - ÁHK 18%

# VENU 2 SERÍAN TENGIR HUGA OG LÍKAMA



**GARMIN**
**Venu 2/2S GPS snjallúr**
- Allt að 11 daga rafhlöðuending sem snjallúr
- Einfalt að hlaða tónlist inn á úrið með Spotify
- Kemur með forhlöðnum æfingaforritum
- Úr með fullt af möguleikum og leynir á sér

0100242913 0100242912 0100243011

**72.995**
Eða **7.051 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 84.610 kr. - ÁHK 34%



**SAMSUNG**
**Galaxy Tab S7 FE spjaldtölva - WiFi**
- 12,4" 1600p TFT skjár (1600x2560)
- 8 kjarna örgjörvi, 64 GB minni, 4 GB vinnsluminni
- Dolby Atmos stereó hátalarar, minniskortarauf
- Allt að 13 klst. rafhlöðuending, 45 W hraðhleðsla,

SMT730NPIN SMT730NBLA

**109.995**
Eða **10.242 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 122.905 kr. - ÁHK 22%

# VAKNAÐU FULLHLAÐIN/N



**LENOVO**
**snjöll vekjaraklukka**
- 4"LCD snertiskjár
- Blutooth og Wifi stuðningur
- Innbyggður Google Assistant
- Qi þráðlaus hleðslustöð fyrir símann

LEZA970003SE

**17.995**



**APPLE**
**AirPods (2021)**
- Allt að 6 + 24 klst. rafhlöðuending
- Siri raddstýring og Spartial audio
- MagSafe hleðsluhylki
- Spatial Audio, IPX4 skvettuvörn

MME73ZM

**35.995**



5.000 KR. AFSLÁTTUR

**PIRANHA**
**Bite skrifborðsstóll**
- Stóll úr tauáklæði
- Tveir púðar fylgja
- Stillanlegt bak og armhvílur
- 110 kg burðargeta

PIRBITEGEY

Verð áður: 34.990
**29.990**

# FRAMLENGDUR SKILARÉTTUR

Við viljum að allar gjafir hitti í mark. Þess vegna má skila eða skipta fermingargjöfum með skilamiða til 30. júní. Mundu að biðja um skilamiða. Sjá nánar á elko.is



**GOOGLE**
**Nest Mini (2. kynslóð)**
- Gagnvirkur hátalari með Google Assistant
- Raddstýring
- Android og iOS stuðningur
- Stjórnaðu snjallheimilinu

NESTGA00781 NESTGA00638

**10.995**

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana.

TikTok-stjörnu vísað úr landi



Lífið ➤ 24

Bjóða upp á ræktað kjöt



Lífið ➤ 26




FRÉTTABLAÐIÐ

64. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 1. APRÍL 2022



Þrátt fyrir að veturinn sé að hverfa í borginni þá er enn opið í Bláfjöllum þar sem margir nutu sín á skíðum í gær. Þar á meðal þessar mæðgur sem virtust skemmta sér konunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ákærður fyrir brot í nánu sambandi

Athafnamanninum Gísla Haukssyni, kenndum við Gamma, er gefið að sök að hafa beitt sambýliskonu sína ofbeldi á heimili þeirra vorið 2020.

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Athafnamaðurinn Gísli Hauksson hefur verið ákærður fyrir brot í nánu sambandi með því að hafa veist að þáverandi sambýliskonu sinni með ofbeldi á heimili þeirra í Reykjavík í maí árið 2020.

Í ákæru er Gísla gefið að sök að hafa ítrekað tekið hana kverkataki, skellt henni utan í vegg og þrengt að hálsi hennar svo hún átti erfitt með andardrátt og féll í gólfið. Í kjölfarið hafi hann, þegar brotaþoli hafi hörfað inn í herbergi, farið á eftir henni og ítrekað gripið um handleggi hennar og fleygt henni á rúm, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut tognun og ofreynslu á hálshrygg og brjósthrygg auk margra yfirborðsáverka á hálsi, öxl og upphandlegg.

Er brotið talið varða við 1. málsgrein 218. greinar b í almennum hegningarlögum sem fjallar um brot í nánu sambandi.

Þess er krafist að Gísli verði dæmdur til refsingar en brotið varðar allt að sex ára fangelsi. Í ákæru er einnig getið um einkaréttarkröfu á hendur Gísla en brotaþoli krefur hann um þrjár milljónir í miskabætur.

> **»** Brotið varðar allt að sex ára fangelsi en Gísli er einnig krafinn um þrjár milljónir í miskabætur.

Gísli Hauksson er annar stofnenda Gamma Capital Management en lét af störfum hjá félaginu árið 2018. Hann átti 30 prósenta hlut í félaginu þegar það var selt til Kviku banka fyrir 2,4 milljarða sumarið 2018. Hann mun þá hafa fengið hundruð milljóna króna fyrir hlut sinn í félaginu.

Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur síðar í þessum mánuði. ■

## Unir niðurstöðu héraðsdóms

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra hyggst una dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í bótamáli tveggja barna Sævars Marinós Ciesielski sem kveðinn var upp í síðasta mánuði og bjóða þremur börnum Sævars sömu hækkun bóta og systkinum þeirra tveimur voru dæmdar með dóminum. Forsætisráðherra leggur fram minnisblað um málið í ríkisstjórn í dag.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur voru bætur til Sævars taldar hæfilegar 385 milljónir króna, en áður höfðu verið boðnar alls 239 milljónir til aðstandenda hans.

SJÁ SÍÐU 4

Eigum nokkra lausa til afhendingar strax

Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

Audi e-tron 50 Pro-line Verð frá 9.690.000 kr.

Stillanleg loftpúðafjöðrun, íslenskt leiðsögukerfi og fjarhitun.

Hekla Laugavegi 172, 105 Rvk. → www.hekla.is/audisalur






Fjölmörg börn ákveða að fermast borgaralega. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Um sjö hundruð börn fermast borgaralega í ár

lovisa@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Alls fermast um 700 börn borgaralega hjá Siðmennt á þessu ári sem er nýtt met. Fyrstu athafnir ársins eru um helgina í Hörpu þar sem 220 fermast. Alls eru tíu athafnastaðir og í fyrsta skipti fermt borgaralega í Vestmannaeyjum á þessu ári. Aðrir staðir eru til dæmis Akureyri, Húsavík, Hvammstangi og Ísafjörður. Athafnirnar eru alls þrettán í ár en þeim fækkar lítillega frá því í fyrra en þá þurfti að fjölga athöfnum vegna sóttvarnatakmarkana.

Svavar Knútur, Haraldur Þorleifsson og Helga Braga eru ræðumenn í athöfnum í Hörpu um helgina en að sögn Siggeirs F. Ævarssonar, framkvæmdastjóra Siðmenntar, er alltaf leitað til foreldra um tillögur að ræðumönnum. „Fólk tekur eiginlega alltaf vel í þetta og segir bara nei ef það er upptekið í öðru.“ ■

# Vorið loksins komið



Þrátt fyrir að stöku snjóskafl sé enn að finna í efri byggðum höfuðborgarsvæðisins er víða byrjað að vora og grasið að grænka. Margir eru óþreyjufullir eftir sumrinu sem er á næsta leiti og skelltu sér í sjóinn í Nauthólsvík í gær. Fólk fór mislangt út í vatnið og létu sumir sér nægja að dýfa tánum ofan í. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Verri mæting í skimanir fyrir leghálsog brjóstakrabbameini eftir breytingu

helenaros@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Færri konur fóru í skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini á síðasta ári samanborið við árin á undan þrátt fyrir að mun fleiri konur hafi fengið boðsbréf í fyrra en árin á undan.

Í upphafi síðasta árs fluttist þjónusta skimana frá Krabbameinsfélaginu yfir til Heilsugæslunnar og hefur það þótt líklegasta skýringin á minni þátttöku kvenna.

Embætti landlæknis hefur birt skýrslu um krabbameinsskimanir fyrir síðasta ár. Þar segir að enginn vafi leiki á því að kynning á meðal almennings á breyttu fyrirkomulagi skimana hafi verið ábótavant.

Í skýrslunni kemur fram að í fyrra hafi alls 21.420 sýni verið tekin samanborið við 24.020 árið á undan, 2020, og 27.062 árið 2019. Verst var mæting kvenna í leghálsskimun á Vestfjörðum en best á höfuðborgarsvæðinu. Þá var mæting kvenna í yngsta aldurshópnum frá 23 til 24 ára minni en í öðrum aldurshópum.

> **»** Í fyrra voru fjögur þúsund færri myndir teknar en árið 2019.

Færri konur skiluðu sér einnig í brjóstaskimun í fyrra samanborið við árin á undan. Í fyrra voru 17.573 röntgenmyndir vegna brjóstaskimunar teknar sem er um þúsund myndum færra en árið á undan. ■


viator

Viltu láta sumarhúsið vinna fyrir þig?

✓ Við sjáum um öll samskipti við gesti
✓ Öflug markaðssetning á erlendum mörkuðum
✓ Það kostar ekkert að vera á skrá
✓ Yfir 20 ára reynsla

Kynntu þér málið á viator.is/eigendur



Viator Grensásvegur 5, 108 Reykjavík info@viator.is 544 8990


# Sjúkraliðar geti ekki verið á byrjendalaunum í þrjú ár

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir brýnt að stofnanasamningar sjúkraliða verði endurskoðaðir, það gangi ekki að starfsfólk sé á byrjendalaunum í þrjú ár.

thorgrimur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Söndru B. Franks, formanni Sjúkraliðafélags Íslands, þykir nóg um að ráðherrar og forstöðumenn heilbrigðisstofnana tali um mönnunarvanda heilbrigðiskerfisins. Gott og blessað sé að ræða um launahækkanir heilbrigðisstarfsfólks en einnig sé brýnt að ná samkomulagi um uppfærslu stofnanasamninga þess.

„Þessar viðræður hafa nú staðið yfir í á annað ár án þess að nokkuð þoki í þá átt sem þessi sömu stjórnvöld tala fyrir,“ segir Sandra um endurskoðun stofnanasamninganna. „Ríkisstjórnin hefur stært sig af því hafa bætt við fjárveitingar til heilbrigðisstofnana í síðustu fjárlögum og er það afar sérkennilegt að það skili sér ekki til starfsfólksins í gegnum stofnanasamninga.“

Sandra segir að það sem fælist í uppfærslu stofnanasamninganna væri að störfum yrði launaraðað þannig að starfskjörin yrðu í betra samræmi við eðlilegan framgang starfsfólksins. Í kjarasamningum sem sjúkraliðar sömdu um árið 2020 var ný launatafla sem dró úr launamun milli launaflokka og fjölgaði þeim. „Þegar prósentubilið er minna milli launaflokkanna skapast svigrúm til að láta lofta meira um launasetningu starfsmanna,“ segir Sandra. „Það sem við erum að reyna að fá í gegn er til dæmis breyting á því að þegar maður byrji sem sjúkraliði sé maður í lægsta launaflokki í þrjú ár. Það finnst okkur óásættanlegt því maður getur ekki verið byrjandi í starfi í þrjú ár!“



Sjúkraliðar starfa bæði við almenna og sérhæfða umönnun sjúklinga. Rúmlega 2.200 sjúkraliðar starfa hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **”** Það viðhorf sem við mætum er að sá sveigjanleiki eigi ekki að skila sér til sjúkraliða.



Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands

Þá tekur Sandra ekki trúanlegar skýringar stjórnvalda um að fjármagn skorti til að gera launaflokkana sveigjanlegri. „Það er alltaf einhver sveigjanleiki í öllum rekstri. Það viðhorf sem við mætum er að sá sveigjanleiki eigi ekki að skila sér til sjúkraliða. Nema hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands – þar náðum við samningi sem við viljum hafa til viðmiðunar því hann er þannig að maður nær framgangi í starfi ef maður er búinn að vinna í einhvern ákveðinn árafjölda.“ ■

BYKO



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Nú er tíminn!

## til að klippa og snyrta

### BOSCH HEKKKLIPPUR

Léttar og meðfærilegar. Fullkomnar til að klippa lítil limgerði. 420 W mótor sem tryggir öflugan, hraðan og hreinan skurð. Blaðlengd er 45cm og 16mm er á milli tanna. Hlíf fylgir með vélinni.

Vnr. 74890146

**14.995**

BYKO LEIGA

**Þú færð öll tækin og tólin í garðvinnuna hjá okkur og svo er líka alltaf hægt að leigja!**



### RYOBI KEÐJUSÖG

Þráðlaus 18V keðjusög með framlengjanlegu skafti (2,5m til 4m), 20cm sverð, 5,5m/s keðjuhraði. Axlaról fylgir. Rafhlaða og hleðslutæki fylgir ekki.

Vnr. 74890146

**14.995**

RYOBI



### EINHELL GREINAKURLARI

Rafmagnskurlari þar sem afskurðurinn fellur í poka sem einfalt er að losa úr.

Vnr. 74830042

**45.995**

Einhell

### MCCULLOCH KEÐJUSÖG

Mjög kraftmikil keðjusög sem hentar fyrir erfiðustu verkefnin. OxyPower mótorinn er kraftmikill og eyðir minna eldsneyti. Mjúkstart, bensíndæla og bensíngluggi sem sýnir hver staðan er á tanknum. Hægt að herða á keðjunni án verkfæra.

Vnr. 53322827

**46.995**

McCULLOCH





### EINHELL HEKKKLIPPUR

Léttar og þægilegar klippur sem vega aðeins 2,5kg. Til þess að gæta að öryggi er vélin búin öryggishnappi og hlífum.

Vnr. 74830003

**12.995**

Einhell

### BOSCH KLIPPUR

EasyPrune, 3,6V rafmagnsklippur 1,5Ah.

Vnr. 74890146

**14.995**

BOSCH



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



**Verslaðu á netinu** byko.is

# Katrín vill sættast í málum afkomenda Sævars og Tryggva

adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hyggst una dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í bótamáli tveggja barna Sævars Marinós Ciesielski sem kveðinn var upp í síðasta mánuði og bjóða þremur börnum Sævars sömu hækkun bóta og systkinum þeirra tveimur voru dæmdar með dóminum. Dánarbúi Tryggva Rúnars verður einnig boðin sátt á sama grundvelli að sögn forsætisráðherra sem leggur fram minnisblað um málið í ríkisstjórn í dag.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur voru bætur til Sævars taldar hæfilegar 385 milljónir, en áður höfðu verið boðnar alls 239 milljónir til aðstandenda hans. Fjárhæðin skiptist milli fimm barna hans.

„Þetta er það sem ég mun ræða í ríkisstjórn og vona auðvitað, eins og við féllumst á niðurstöðu í málum Guðjóns Skarphéðinssonar og dánarbús Kristjáns Viðars Júlíussonar, að komnar séu lyktir hvað varðar bætur vegna sýknudómsins sem féll í september 2018,“ segir hún en tekur fram að þessi framvinda málsins miðist við að sjálf uni börn Sævars hinum nýja dómi og áfrýi honum ekki sjálf.

„Þegar lögin um bótagreiðslur vegna málsins voru samþykkt, var lögð áhersla á að aðilar gætu tekið við þeim greiðslum sem þá voru boðnar og um leið skotið málum sínum til dómstóla. Nú er komin lína bæði hvað varðar fjárhæðir sem og rétt eftirlifenda. Við ætlum að fylgja þeirri línu og vonum að þessum kafla uppgjörs málsins sé að ljúka,“ segir Katrín.

Ríkið var sýknað af bótakröfu dánarbús Tryggva Rúnars í Landsrétti skömmu fyrir jól en Hæstiréttur hefur fallist á að taka það til meðferðar. Náist sættir á þeim grundvelli sem forsætisráðherra leggur til verður málið væntanlega fellt niður. ■

> Nú er komin lína bæði hvað varðar fjárhæðir sem og rétt eftirlifenda.


Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

> Íslenska ríkið var sýknað í desember af bótakröfu dánarbús Tryggva Rúnars. Hann lést árið 2009 og var sýknaður árið 2018.



Vélmennið talar íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ARI

## Góð reynsla af vélmennum í Breiðholti

arib@frettabladid.is


Kristín Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur

**HEILBRIGÐISMÁL** Góð reynsla hefur hlotist af tilraunaverkefni Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar með lyfjaskömmtunarvélmenni. Eru þau nú þegar á heimilum nokkurra skjólstæðinga í Breiðholti.

„Við fórum af stað í nóvember í tíu mánaða verkefni með finnska fyrirtækinu Evondos, þeir eru þjónustaðir af Icepharma hér á Íslandi, og fengum 25 lyfjaskammtara til prófunar. Af þeim eru 22 komnir í gagnið. Við erum enn að vinna í að koma þeim öllum út. Í þessari viku erum við að byrja á nýju verkefni með 15 skömmturum frá norsku fyrirtæki og ætlum að prófa þá á öðrum stað í borginni,“ segir Kristín Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar.

Margir starfsmenn heimahjúkrunar sinna þessu hlutverki, þeim verður ekki fækkað en með tilkomu vélmenna geta hjúkrunarfræðingar einbeitt sér frekar að félagslegum innlitum.

„Eldra fólk er oft óöruggt í kringum nýja tækni en þetta er svo ofboðslega einfalt og notendavænt að það verða allir mjög ánægðir eftir fyrstu prófun,“ segir Kristín.

Ef fjöldi tækja í Finnlandi er reiknaður yfir á Ísland má gera ráð fyrir að um 700 tæki verði í notkun hér á landi.

Kristín segir auðvelt að vinna með tækið.

„Inn í svona vélmenni eru settar lyfjarúllur. Margir af okkar skjólstæðingum eru með fyrir fram skömmtuð lyf sem á að taka á mismunandi tímum dagsins. Pokarnir eru allir merktir með tímasetningu, það sem vélmennið gerir er að lesa á pokana og skammta lyfin á réttum tíma. Þannig að klukkan níu byrjar vélmennið að láta vita, við erum svo með miðlægt kerfi þar sem við fáum skilaboð ef viðkomandi tekur ekki lyfin, þá getum við brugðist við.“ ■


Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari segir breytingarnar mikilvægar en gæta verði þess að þær leiði í reynd til framfara og snúist ekki upp í andhverfu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Brotaþolar fái aðild að máli og sitji í lokuðu þinghaldi

**Brotaþoli fær ekki formlega aðild að máli samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra en réttarstaðan er bætt til muna að mati saksóknara.**

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Brotaþola í sakamáli verður ávallt heimilt að vera viðstaddur lokað þinghald fyrir dómi, eftir að hann hefur sjálfur gefið skýrslu, nema dómari telji sérstakar ástæður mæla gegn því, verði frumvarp dómsmálaráðherra að lögum.

Um er að ræða endurbætt frumvarp um bætta réttarstöðu brotaþola sem lagt var fram í tíð fyrrverandi dómsmálaráðherra en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið sem lagt var fram fyrr í þessari viku hefur tekið talsverðum breytingum, meðal annars með hliðsjón af umsögnum og athugasemdum sem komu fram.

Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari segir réttaróvissu hafa ríkt um heimild brotaþola til að sitja inni í lokuðu þinghaldi í málum sínum. Sumir dómarar hafi leyft það en aðrir hafnað því.

„Það er auðvitað mjög gott að taka af þennan vafa og lögin veiti þessa heimild,“ segir Kolbrún.

Mikið hefur verið rætt um hvort rétt sé að veita brotaþolum aðild að sakamálum sem rekin eru fyrir dómstólum um mál þeirra. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að brotaþoli fái formlega aðild en þó skerpt á því að hann hafi sérstaka stöðu umfram stöðu vitnis.

Þannig segir í 39. grein: „Brotaþoli er ekki aðili að sakamáli en við meðferð þess nýtur hann þeirra réttinda og ber þær skyldur sem mælt er fyrir um í lögum þessum.“

> Þetta snýst auðvitað alltaf um að upplýsa mál og leita sannleikans. Þessar breytingar styðja við það markmið.

Meðal annarra nýmæla um réttindi brotaþola sem mælt er fyrir um í frumvarpinu er réttur réttargæslumanns hans til að beina tilmælum til lögreglu um spurningar til brotaþola, sakbornings og vitna auk þess sem honum verði heimilt að leggja stuttar og gagnorðar spurningar til þeirra sem gefa skýrslu fyrir dómi. Þá sé brotaþola einnig veitt heimild til að leggja fram skjöl og önnur gögn og fá aðgang að gögnum í máli sínu.

Kolbrún vekur athygli á því að aðgangur brotaþola að gögnum sé ekki alger, brotaþoli hafi enn stöðu vitnis og þurfi í flestum tilvikum að gefa vitnaskýrslu. Aðgangur vitnis að gögnum geti haft slæm áhrif á sönnunarstöðuna og trúverðugleika vitnisins og dæmi séu um að réttarspjöll hafi orðið af þessum sökum.

„Við viljum náttúrulega ekki að aukin réttindi brotaþola leiði til þess að mál þeirra spillist. Það er þannig með margar þessara reglna, það eru ástæður fyrir þeim, aðrar en bara kerfið að vera leiðinlegt,“ segir Kolbrún. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að brotaþoli komi að ákvörðun um ákæru eða áfrýjun mála eða hafi formlega aðilastöðu eins og fyrr segir.

„Í grunninn byggjum við okkar réttarkerfi á því að það sé hlutlaus lögregla og ákæruvald sem horfir bæði til þess sem horfir til sektar og sýknu, metur málin og hvort þau séu nægilega sterk til að fara fyrir dómstóla. Þetta á náttúrulega við um öll mál en ekki bara kynferðisbrot.

Það er ekki verið að hrófla við þessu í frumvarpinu en það er verið að rétta stöðuna og kveða aðeins fastar að orði um að brotaþoli er auðvitað ekki bara vitni heldur hefur ákveðna sérstöðu,“ segir Kolbrún og bætir við: „Með þessum breytingum og rétti brotaþola til að koma að gögnum, láta spyrja spurninga, afla gagna og svo framvegis, þá erum við að gera rannsóknina betur og þetta snýst auðvitað alltaf um að upplýsa mál og leita sannleikans. Þessar breytingar styðja við það markmið.“

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um aukna upplýsingaskyldu til brotaþola varðandi framvindu málsins, til að mynda um gæsluvarðhald og um áfrýjun máls. Þá er lagt til að Fangelsismálastofnun verði heimilað að upplýsa brotaþola um tilhögun afplánunar þess sem brotið hefur gegn honum.

Þá eru í frumvarpinu réttarbætur fyrir bæði sakborninga og brotaþola með fötlun og mælt fyrir um rétt aðstandenda í málum sem varða andlát og þeim meðal annars tryggður réttur til réttargæslumanns. ■





# Njótum helgarinnar

## HAGKAUP

Tilboð gilda út 3. apríl

100%
Hrein afurð

20%
afsláttur




**Kjúklingalundir**
Verð áður 2.849
2.279 kr/kg




**Ferskt lambalæri**
1.779 kr/kg

20%
afsláttur




**Grísakótilettur**
Verð áður 2.199
1.759 kr/kg




**Roncadin pizzur Beint frá Ítalíu**
Verð áður 449
399 kr/pk

20%
afsláttur




**Filotea hágæða ítalskt pasta og pestó**

20%
afsláttur



**Ficacci ferskar ólífur frá Ítalíu**

# Kæra Hafnarfjörð fyrir að taka ekki hæsta boði í lóð

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnfirska verktakafyrirtækið Nesnúpur hefur kært ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar um að taka boði Byggingafélags Gylfa og Gunnars í lóðina Ásvelli 3 til innviðaráðuneytisins. Boð Nesnúps var nærri 50 milljónum króna hærra og vill félagið að réttaráhrifum ákvörðunarinnar verði frestað samstundis.

Lóðin sem stendur við íþróttamiðstöð Hauka var auglýst í desember en þar munu rísa rúmlega 100 íbúðir í allt að fimm hæða fjölbýlishúsum. Tíu verktakar skiluðu inn tilboðum og átti Nesnúpur það hæsta, upp á 1,325 milljarða króna, en tilboðið sem tekið var hljóðaði upp á 1,277 milljarða. Munar þar 48 milljónum króna.

„Þetta er mjög umfangsmikið verkefni og fjárfesting upp á 8 milljarða. Þetta myndi gerbreyta verkefnastöðunni næstu árin,“ segir Flóki Ásgeirsson, lögmaður Nesnúps.

> Bærinn hefur í raun engu svarað enn sem komið er.
>
> Flóki Ásgeirsson, lögmaður Nesnúps

Ákvörðunin var tekin miðvikudaginn 23. mars og tveimur dögum síðar var hún kærð til ráðuneytisins. Hafnarfjarðarbær mun hafa frest fram í miðja næstu viku til að gera grein fyrir sínum rökstuðningi.

Flóki segir viðmótið hafa verið undarlegt. „Bærinn hefur í raun engu svarað enn sem komið er. Það er búið að kalla eftir rökstuðningi en hann er ekki kominn,“ segir hann.

Fréttablaðið óskaði eftir lagalegum rökstuðningi fyrir því að hæsta boði væri ekki tekið en því var ekki svarað. Ívar Bragason, bæjarlögmaður Hafnarfjarðar, segir að Nesnúpur hafi óskað eftir skriflegum rökstuðningi daginn eftir að lóðinni var úthlutað. ■

## Ekki lagarammi um að tala í síma

lovisa@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar, segir niðurstöður nýrrar skýrslu Umboðsmanns Alþingis um bráðageðdeild ekki koma á óvart. Fram kemur í skýrslunni að skoða þurfi réttarstöðu nauðungarvistaðra og inngrip í réttindi sjúklinga.

Héðinn vonast til að málin þokist áfram. „Sérstaklega með þetta sem bent er á með að fara út, tala í síma eða reykja. Það er enginn lagagrundvöllur fyrir þessu og þessu verður kerfið að kippa í lag strax,“ segir Héðinn. ■

Nánar á fréttablaðið.is



Hamborgarhryggurinn reyndist dýrkeyptur fyrir hæstaréttardómarann.

## Dómari sektaður fyrir búðahnupl

thorgrimur@frettabladid.is

**SVÍÞJÓÐ** Dómari við Hæstarétt Svíþjóðar var á miðvikudaginn sektaður fyrir að reyna að hnupla hamborgarhrygg og fleiri matvörum úr Coop-verslun í Stokkhólmi.

„Þú veist ekki við hvern er að etja, ég er dómari við Hæstarétt!“ sagði dómarinn þegar starfsmaður í versluninni gómaði hann. Per Nichols ríkissaksóknari sagði AFP að fjársektin væri upp á 50.000 sænskar krónur, eða um 687.150 íslenskar. ■

# Algengt að fatlað fólk þurfi að flytja milli byggðarlaga til að fá þjónustu

**Sveitarfélög verða að hafa faglega og fjárhagslega burði til að sinna þjónustu við fatlað fólk, að mati framkvæmdastjóra Þroskahjálpar. Vegna smæðar og fjölda sveitarfélaga skortir á jafnræði í þjónustunni.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FÉLAGSMÁL** Samtökin Þroskahjálp hafa áhyggjur af því að þjónusta við fatlað fólk í smæstu sveitarfélögum landsins sé ekki tryggð. Þá skapi smæð margra sveitarfélaga og fjöldi þeirra aðstöðumun og leiði til þess að fatlað fólk neyðist til að flytja úr heimabyggð sinni.

„Það er mjög algengt að fólk flytji úr sveitarfélögum vegna fötlunar til að fá þjónustu annars staðar,“ segir Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar. Það séu mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá að ráða búsetu sinni, og samræmis og jafnræðis á að vera gætt í málaflokknum.

Sameiningar sveitarfélaga hafa verið fjölmargar á undanförnum árum, þar á meðal ganga fimm slíkar í gegn næstkomandi maí, á Snæfellsnesi og Norðurlandi. Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra vildi gera 1.000 íbúa lágmark að skyldu árið 2026 vegna hagræðingar og þess fjölda verkefna sem færð hafa verið frá ríki til sveitarfélaga. Í dag eru 36 sveitarfélög undir því marki og 12 undir 250 íbúa markinu. Mörg þeirra minnstu mótmæltu þvingaðri sameiningu og hefur Sigurður nú lagt fram frumvarp um 1.000 íbúa viðmið.

Árni Múli bendir á að fyrir árið 2018 hafi landinu verið skipt upp í þjónustusvæði fyrir fatlað fólk. Var þá lágmarksstærð svæða 8.500 íbúar, fyrir utan Vestfirði og Vestmannaeyjar vegna landfræðilegra aðstæðna.

„Það var talið nauðsynlegt að vera með tiltekinn fjölda til að geta tryggt faglega þjónustu,“ segir hann. Með auknum lagalegum kröfum þurfi sveitarfélög að ráða til sín fólk með nauðsynlega þekkingu, svo sem þroskaþjálfa og ýmist heilbrigðisstarfsfólk. Svæðisskiptingin var hins vegar afnumin og mótmælti Þroskahjálp því.

Árni segir þetta bæði faglegt og fjárhagslegt mál því töluverður kostnaður fylgi málaflokknum. Stjórnendur smæstu sveitarfélaganna séu oft allir af vilja gerðir til að veita þjónustuna en standa ekki undir henni. „Okkur finnst nauðsynlegt að það séu til staðar fjárhagslegir burðir til að standa undir þjónustunni,“ segir hann. „Þetta getur ráðið úrslitum um hvort fólk hafi tækifæri til allra mögulegra hluta eða þurfi að vera bundið við tiltekið hús.“

Þroskahjálp hafi hins vegar ekki skoðun á því hversu stórt hvert sveitarfélag eigi að vera. Einnig ber að hafa í huga að sum sveitarfélög gera þjónustusamninga við önnur um ýmsa þjónustu, einkum þau allra smæstu. Engu að síður er þjónustan oft mjög mismunandi eftir landsvæðum.

Eitt af því eru NPA-samningar. Af 91 samningi eru 69 á höfuðborgarsvæðinu, þar af 31 í Reykjavík. Skagfirðingar og Eyfirðingar hafa sinnt NPA vel, með samanlagt 15 samninga, og á Suðurlandi eru fjórir. Á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Snæfellsnesi er hins vegar aðeins einn samningur og enginn á svæðum á borð við Borgarfjörð, Húnavatnssýslur, Þingeyjarsýslur og gervallt Austurland.

Annað atriði er frumkvæðisskyldan sem hvílir á sveitarfélögunum, til dæmis um að upplýsa fatlað fólk um þjónusturéttindi sín. Til dæmis þegar Alþingi setur ný lög. Árni segist hafa miklar áhyggjur af því að þessi skylda hafi ekki náð fram að ganga mjög víða. ■

**Sveitarfélög undir 1.000 íbúum eftir fimm sameiningar í maí**




**0**

**Enginn er með NPA-samning í Borgarfirði, Húnavatnssýslum, Þingeyjarsýslum né á öllu Austurlandi.**

> Þetta getur ráðið úrslitum um hvort fólk hafi tækifæri til allra mögulegra hluta eða þurfi að vera bundið við tiltekið hús.



Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

VERUM VAKANDI
Stöðvum kynferðisofbeldi á djamminu
ER ALLT Í GÓÐU?
SEGÐU FRÁ 112 EINN EINN TVEIR
LÖGREGLAN
Stjórnarráð Íslands Dómsmálaráðuneytið
Opnaðu myndavélina í símanum þínum og skannaðu þennan QR kóða.


kronotex
FLOORS FOR LIVING
PÁSKA
TILBOÐ
Á HÖRKU PLANKA
HARÐPARKETI
fyrir sumarhús & heimili
VERÐ FRÁ 1.690 KR. m²
MIKIÐ OG GLÆSILEGT ÚRVAL
TIL AFGREIÐSLU STRAX
Birgisson®
MAMMUT PLUS D4728
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Ungir Pólverjar óttast innrás Pútíns í Pólland


Fréttablaðið í Póllandi



Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is



Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur
@frettabladid.is


Ungt fólk í Póllandi sem Fréttablaðið ræddi við í Varsjá íhugar flutning til annarra landa. Þau eru óánægð með pólsk stjórnvöld og vilja harðari viðbrögð við stríðinu frá Evrópu.

Ungir Pólverjar tala á allt öðrum nótum en ráðherrar pólsku ríkisstjórnarinnar þegar kemur að viðhorfi til ógnarinnar frá Rússum.

Ráðamenn Póllands sem Fréttablaðið hefur rætt við síðustu daga hafa sumir gengið svo langt að gera grín að mætti rússneska hersins og talið hann ofmetinn. Aðstoðarutanríkisráðherra Póllands sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri til marks um máttleysi rússneska hersins að rússneskir hermenn í Úkraínu yrðu að stela sér kjúklingi frá úkraínskum bændum til að drepast ekki úr hungri.

Í viðtölum Fréttablaðsins við unga Pólverja á götum Varsjár í gær kom hins vegar fram mikill ótti við Rússa. Margir hefðu áform um að flytja burt og finna skjól í öðrum ríkjum heimsins.

Jazek, 39 ára, er á meðal þeirra sem óttast mjög innrás Rússa í Pólland.

„Ég er hræddur við að stríðið komi hingað til Póllands. Ég held að í nálægri framtíð sé mjög líklegt að Pútín ryðjist inn til okkar,“ segir Jazek.

Hann segir að almennt óttist ungt fólk stríð í Varsjá. „Fjölskyldan mín talar um hvert við eigum að fara þegar og ef Pólland verður hernumið. Við erum að hugsa um Frakkland eða Þýskaland.“

Jazek segir að Þýskaland og Frakkland verði að bregðast mun harðar við en gert hefur verið. Þar sem voldugustu Evrópuríkin geri ekki sitt til að leysa deiluna ráðist margt af getu Bandaríkjanna til að leysa deiluna.

„Ég held að öll Evrópa, bæði stjórnvöld og almenningur, verði að gera allt sem hægt er að gera til að stöðva Rússa.“



Fréttablaðið hitti unga Pólverja í miðborg Varsjár í gær. Fólkið er gagnrýnið á pólsk stjórnvöld og hefur áhyggjur af stöðunni í Austur-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Fjölskyldan mín talar um hvert við eigum að fara þegar og ef Pólland verður hernumið. Við erum að hugsa um Frakkland eða Þýskaland.
>
> Jazek

Varðandi flóttamannafjöldann segir hann að einstaklingar í Varsjá hafi gert meira til að bjarga flóttamönnum en stjórnvöld. Sjálfur hefur Jazek gert sitt til að leggja Úkraínumönnum lið með því að hýsa flóttafólk, konu og barn.

Spurður um ánægju gagnvart innlendum stjórnvöldum segist Jazek alls ekki ánægður með forseta Póllands, Duda, eða ríkisstjórnina.

„Nei, ég er ekki ánægður með forsetann, pólsk stjórnvöld eru ekki lýðræðisleg, þau segja að Pólland sé lýðræðislegt land en það er ekki lýðræðislegt að almenningur megi ekki tjá sig um ríkisstjórnina eins og fólk langar til,“ segir Jazek.

„Ástandið hér er ekki eins alvarlegt og í Rússlandi eða Ungverjalandi, en ég óttast að með sama áframhaldi hér, ritskoðun og öðru, verði frelsi til skoðana eins takmarkað hér og þar,“ bætir Jazek við.

Zophia, pólsk kona um tvítugt, sem Fréttablaðið hitti á öðrum slóðum í Varsjá, talar á svipuðum nótum og Jazek, að ungt fólk sé mjög uggandi og munur milli kynslóða hvað varði viðhorf til Rússaógnarinnar.

„Það er gríðarmikill ótti meðal ungs fólks, þetta er mjög hættulegt ástand,“ segir Zophia.

> Það er gríðarmikill ótti meðal ungs fólks, þetta er mjög hættulegt ástand.
>
> Zophia

Spurð hvort hún hafi sjálf íhugað að flýja til annars lands áður en til innrásar Rússa gæti komið, segir hún að flestir Pólverjar vilji berjast, veita viðnám án þess að flýja, því þannig séu Pólverjar. Eigi að síður velti margir fyrir sér nýju landi til búsetu vegna ógnarinnar, margir íhugi slíkt en tækifærum til að flytja burt sé misskipt eftir efnahag.

„Mín skoðun er að NATO megi ekki umgangast okkur eins og barn. Ríkisstjórnin gerir ekki nóg og þjóð okkar er ekki ánægð með stjórnmálin hérna. Aðrar þjóðir verða að koma sterkar inn en þær hafa gert,“ segir Zophia.

Fréttablaðið ræddi einnig við Ígor, úkraínskan flóttamann á framhaldsskólaaldri, sem kom yfir landamærin fyrir tveimur vikum.

Hann kemur frá stríðshrjáðu svæði í austurhluta Úkraínu. Hann segist enn ekki hafa misst vini eða ættingja í stríðinu en hafa áhyggjur alla daga.

Honum hafi boðist að flýja til Póllands þar sem hann sæki nám núna. Hann sé þakklátur fyrir veitta aðstoð en hjarta hans blæði vegna ástandsins heima fyrir. „Ég vonast til að geta snúið aftur til Úkraínu.“ ■


## Aðalfundur Eflingar 2022

**Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2022 verður haldinn föstudaginn 8. apríl klukkan 20:00 á Grand hótel Reykjavík í Gullteig.**

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
3. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs, stjórna sjóða og skoðunarmanna reikninga
4. Lagabreytingar ef tillögur liggja fyrir
5. Ákvörðun félagsgjalds, ef tillaga um breytingu liggur fyrir
6. Önnur mál

Eflingarfélagar eru vinsamlega beðnir að skrá sig á fundinn á **Mínum síðum á www.efling.is** eigi síðar en 6. apríl.

**Allir Eflingarfélagar eru hvattir til að mæta!**

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500


# Rússar hörfa frá Tsjernobíjl

arib@frettabladid.is

Rússneskar hersveitir hörfa nú frá Tsjernobíjl-svæðinu og yfir landamærin til Hvíta-Rússlands að sögn úkraínskra yfirvalda. Er þetta í samræmi við upplýsingar bandarísku leyniþjónustunnar. Rússar tóku svæðið í byrjun innrásarinnar í Úkraínu þann 24. febrúar síðastliðinn.

Talið er að Rússar séu að breyta um stefnu í innrásinni og í stað þess að reyna að ná Kænugarði muni þeir einbeita sér að austurhluta landsins.

Kjarnorkuverið í Tsjernobíjl er ekki lengur í notkun en hópur starfsmanna sér um að halda því við. Starfsmennirnir hafa setið fastir í kjarnorkuverinu nú vikum saman og hafa ekki getað farið til síns heima.

Tsjernobíjl er vettvangur versta kjarnorkuslyss allra tíma þegar sprenging varð í kjarnaofni með þeim afleiðingum að geislavirkni dreifðist um alla Evrópu. Talið er að annan tug þúsunda hafi látist í kjölfarið.

Svæðið var rýmt og er nú 2.600 ferkílómetra svæði lokað fyrir umferð vegna geislamengunar.

Talið er að einhverjir rússneskir hermenn séu enn á svæðinu en það sé nýr hópur.

Óstaðfestar fregnir hafa borist af því að rússneskir hermenn hafi verið lagðir inn á sjúkrahús í Gomel í Hvíta-Rússlandi vegna einkenna geislamengunar. ■

### Rússar þyrluðu upp geislavirku ryki

Rússneskar hersveitir sem tóku yfir lokaða svæðið í Tsjernobíjl óku brynvörðum farartækjum í gegnum geislaverndarsvæðið án allra varna, þar á meðal í gegnum „Rauðskóginn“, og þyrluðu í leiðinni upp miklu magni af geislavirku ryki.




25. febrúar 2022: Geislavarnaráð Úkraínu mælir mikla aukningu í geislavirkni við Tsjernobíjl eftir að skriðdrekar og bílar óku í gegn.

Heimildir: Reuters, UBIQUE, Business Insider Myndir: Google Earth Pro, Timm Suess © GRAPHIC NEWS

# BLAÐAMANNA *DAGURINN*

## 1. APRÍL 2022

Blaðamannafélag Íslands stendur fyrir blaðamannadeginum 1. apríl nk.
Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi blaðamennsku, vekja áhuga á fjölmiðlum og stéttinni og veita innsýn í það mikilvæga starf sem blaðamenn vinna í þágu samfélagsins og lýðræðisins.

Flestir af stærstu fjölmiðlum landsins ætla að opna dyr sínar og bjóða fólki í heimsókn og spjall og deginum lýkur með málþingi um blaðamennsku og veitingu blaðamannaverðlaunanna 2021.

Borgarbókasafnið stillir af þessu tilefni fram bókum um blaðamenn og blaðamennsku.

**DAGSKRÁ:**

Kl. 11-12 Opið hús hjá Stundinni, Aðalstræti 2
Kl. 13 Heimsókn á fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, Suðurlandsbraut 10.
Skrá þarf þátttöku í gegnum netfangið anita@stod2.is
Kl. 14-15 Opið hús hjá Viðskiptablaðinu, Ármúla 10.
Kl. 15 Heimsókn á ritstjórn Fréttablaðsins og DV, Hafnartorgi. Mæting í anddyri gegnt Arnarhóli.
Kl. 16 Heimsókn á fréttastofu og fréttastúdíó RÚV, Efstaleiti 1.
Skrá þarf þátttöku í gegnum netfangið mottaka@ruv.is
Kl. 17-19 Málþing og blaðamannaverðlaunin 2021,
Skrifstofur Blaðamannafélags Íslands, Síðumúla 23, 108 Reykjavík

**Ör-málþing**: Samtal um blaðamennsku Kl. 17:

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ: Blaðamennska og lýðræðið
Björn Vignir Sigurpálsson, fv. blaðamaður á Morgunblaðinu: Blaðamennska þá og nú - Úr blýi og út í buskann
Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar: Blaðamennska og samfélagsmiðlar
Aðalsteinn Kjartansson, varaformaður BÍ og situr í nefnd um endurskoðun siðareglna: Blaðamennska og siðareglur
Snorri Másson, fréttamaður á Stöð 2, Vísi og Bylgjunni: Blaðamennska og blaðamannahlutverkið - sjónarhorn nýliða
Umræður í pallborði

Fundarstjóri: Anna Lilja Þórisdóttir, fréttamaður á RÚV.
Að málþingi loknu verða
**BLAÐAMANNAVERÐLAUNIN 2021** veitt

**Aðrir viðburðir laugardag og sunnudag:**

Laugardaginn 2. apríl: Kl. 15 verður opnuð sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur og verðlaun fyrir blaðaljósmyndir ársins 2021 veitt.
Sunnudaginn 3. apríl: Kl. 14 verður sýningarspjall með Eyþóri Árnasyni ljósmyndara um myndir ársins 2021.

Opið hús Háskólatorgi Háskóla Íslands laugardaginn 2. apríl nk. milli Kl. 12 og 15.
Þar verða námsleiðir skólans kynntar m.a. nám í blaða- og fréttamennsku.

BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS · HÍ · BÍ

Blaðamannafélag Íslands með stuðningi HÍ og Borgarbokasfnsins

# Kosningabarátta



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

Ekki verður þess vart að einungis nokkrar vikur séu til borgarstjórnarkosninga. Eftirvænting meðal borgarbúa er lítil sem engin, jafnvel þeir þrætugjörnustu meðal þeirra nenna ekki að rífast um borgarmál. Þeim virðist standa á sama um úrslitin. Fari fram sem horfir má búast við að fjöldi kjósenda sitji heima eða komi sér í frí til útlanda án þess að kjósa.

Tíðindaleysið í kosningabaráttunni er æpandi og lítið ber á frambjóðendum. Sú sem þetta skrifar telur sig reyndar hafa séð andlit Hildar Björnsdóttur á auglýsingaspjaldi á strætisvagni, en kannski var það missýning.

Sú litla kosningabarátta sem er farin í gang byggist helst á skítkasti. Þannig má lesa í skoðanadálkum vinstrimanna sömu fullyrðingu og borgarstjórinn okkar ágæti hélt fram á dögunum, sem sagt þá að Sjálfstæðisflokkurinn í borginni sé sundurtættur af innbyrðis átökum og alls ófær um að taka við völdum í borginni. Þetta er vitaskuld hræðsluáróður. Sjálfstæðisflokknum er vel treystandi fyrir borgarstjórastólnum og hann er ágætlega fær um að vinna borgarbúum gagn.

Úr svipuðum ranni má heyra að Framsóknarflokkurinn eigi ekki erindi í borgarstjórn. Þetta er vitaskuld einnig fjarstæða. Frambjóðandinn í efsta sæti listans í borginni er geðugur einstaklingur sem sjálfsagt er að veita brautargengi, enda er honum trúandi til góðra verka.

Það er einfaldlega þannig að gott fólk er í flestum flokkum sem treystandi er til að fara með völd. Svo væri vitanlega gaman að fá konu sem borgarstjóra. Það sem skekkir þá mynd er að núverandi borgarstjóri er eins og fæddur í embættið og hefur auk þess yfir sér einhvers konar siguráru. Það er engin sérstök ástæða til að hafna honum, þótt hann hafi reyndar setið ansi lengi. Hugsanlega mun stór hluti þeirra kjósenda sem nenna að mæta á kjörstað hugsa einmitt á þennan hátt. Það má þó líka hugsa sér að áhugaleysi á kosningunum muni bitna á fylgi meirihlutans. Sjálfstæðismenn hafa alltaf kunnað að smala sínu fólki á kjörstað, og einmitt sú hæfni kann að vinna vel með þeim í þessum kosningum.

> Hrokafullt viðmót kann einnig að vinna gegn meirihlutanum, þar er fólk, þó ekki borgarstjórinn, farið að láta eins og það eigi rétt á völdum.

Hrokafullt viðmót kann einnig að vinna gegn meirihlutanum, þar er fólk, þó ekki borgarstjórinn, farið að láta eins og það eigi rétt á völdum. Slíkt virkar fráhrindandi. Meirihlutinn ætti að koma sér upp bljúgara viðmóti, allavega svona rétt á meðan hann er í kosningabaráttu.

En umfram allt er kominn tími til að hefja yfirvegaða kosningabaráttu. ■

## Halldór







## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

**Sápa**
Átökin innan Eflingar eru orðin slík að það er hægt að detta inn í nýjasta þátt án þess að hafa fylgst með seríunni á undan. Nú hefur Viðar sakað Odd, lögmann Agnieszku, um gassagang eftir að krafist var upplýsinga um greiðslur til Andra sem gætu hafa verið til að grafa undan óvinum Sólveigar. Kemur það beint ofan í meint framhjáhald Ridge sem spillti brúðkaupi Quinn sem leiddi til þess að Harold tók ofskammt og Amy datt niður lyftugöng. Jens bíður eftir símtali. Megi þessar erjur endast sem lengst nú þegar Neighbours er á leiðinni úr loftinu eftir 37 ár.

**ÁTVR Mathöll**
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur viðurkennt að það komi henni ekkert við hvort bjór sé seldur í vefverslunum eða ekki. Ekki frekar en öll þau skipti sem verslunin hefur sleppt því að fara í mál við landasala þrátt fyrir að það sé ótvírætt að slíkt grafi undan rekstrinum. Á meðan lögreglunni er alveg sama, löggjafanum líka og hvað þá ráðherrum, þá verður að gera ráð fyrir að þetta sé löglegt. Stefnir því allt í kapphlaup um hvoru fjölgar hraðar – brennivínsbúðum á netinu eða mathöllum. ■

# Þrautseig bjartsýni



**Birna Þórarinsdóttir**
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Við upphaf ársins var ljóst að staða mannúðarmála hafði aldrei verið verri vegna heimsfaraldurs, hamfarahlýnunar og átaka. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, stóð frammi fyrir stærstu áskorun í 75 ára sögu sinni: að sporna við afturför í réttindum barna vegna heimsfaraldurs Covid-19. Svo skall á stríðið í Úkraínu.

Það er auðvelt að horfa á þá heimsmynd sem við blasir og fyllast vonleysi. En hvað segjum við þá þegar við horfum í augun á börnunum okkar? Ef það er eitthvað sem við skuldum komandi kynslóðum þá er það þrautseig bjartsýni og von – þrátt fyrir allt. Verkefnin eru ógnarstór en það eru til lausnir.

Milljónir skólabarna búa enn við skólaskerðingar vegna Covid-19 en það er hægt að tryggja þeim fjarkennslu – sums staðar með útvörpum. Þegar reglubundið skólastarf hefst að nýju þarf að tryggja að öll börn skili sér aftur í skólastofurnar.

Meira en annað hvert barn í Úkraínu er á flótta vegna stríðsins. UNICEF vinnur hörðum höndum að því að tryggja börnunum þann stuðning sem þau þurfa: barnavernd, bólusetningar, lyf, drykkjarvatn, sálgæslu og menntun.

Í Jemen og Afganistan búa milljónir manna við vannæringu og mun slæmt ástand versna eftir því sem líður á árið. Í Jemen eru 2,2 milljónir barna alvarlega vannærðar og þar af meira en hálf milljón barna með bráðavannæringu, sem er lífshættulegt ástand. En með einfaldri meðferð er hægt að lækna barn af bráðavannæringu á einungis sex vikum.

> Meira en annað hvert barn í Úkraínu er á flótta vegna stríðsins.

Allt ofangreint starf er mögulegt vegna ómetanlegs stuðnings íslensks almennings, Heimsforeldra UNICEF. Íslendingar eiga heimsmet í fjölda Heimsforeldra miðað við höfðatölu og senda á hverju ári meira en hálfan milljarð króna til verkefna UNICEF um allan heim. Þannig sýnum við Íslendingar að saman erum við sterkari og engin áskorun er of stór.

Á morgun gefst tækifæri að kynnast verkefnum og árangri UNICEF, hlæja og gráta, í einstökum stjörnum prýddum sjónvarpsþætti á RÚV. Það verður heimsins mikilvægasta kvöld. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að tala við sjálfan sig



Karl Th. Birgisson

Ég geri svolítið af því.

Sú hegðun er vitaskuld ekki til eftirbreytni fyrir alla, en það vill mér til happs hvað ég er skemmtilegur.

Nú virðist sem æ fleiri – hugsanlega meiri hluti landsmanna – vilji íhuga inngöngu í Evrópusambandið, mesta friðar- og mannréttindabandalag sögunnar.

Það eru allnokkur tíðindi.

Það hefur nefnilega reynzt íslenzkum stjórnmálamönnum talsverður verkur að sannfæra kjósendur um að þetta sé góð hugmynd.

Samfylkingin reyndi það upp úr aldamótum, gaf út heila bók og viðhafði almennt kjör meðal flokksmanna um hver stefnan í Evrópumálum skyldi vera. Niðurstaðan var mjög afgerandi.

Og já – Davíð Oddsson var einu sinni meðal mestu Evrópusinna landsins. Síðar vildu Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson taka upp evruna. Sennilega skilur enginn hvað breyttist.

Undir forystu Halldórs Ásgrímssonar varð Framsóknarflokkurinn líka eindreginn Evrópuflokkur. (Þeir eru orðnir svo margir, Framsóknarflokkarnir, að ég sýni því fullan skilning ef þið munið ekki eftir þessum.)

Halldór flutti meiraðsegja mjög merka ræðu sem utanríkisráðherra, þar sem hann teiknaði upp sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði í Norður-Atlantshafi, sem afgreiddi þá flökkusögu íslenzkra óligarka, að Evrópusambandið fengi sjálfkrafa stjórn yfir íslenzkum fiskimiðum ef við tækjum þátt í samstarfinu.

Og já – einu sinni var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson líka eindreginn Evrópusinni. Mig langar ekki einu sinni að vita hvað breyttist þar.

Ég ætla líka að fullyrða að bæði Katrín Jakobsdóttir og Steingrímur Joð Sigfússon viti fullvel hversu mikils virði aðild væri fyrir Íslendinga, sama hvað þau segja upphátt núna.

Svona mætti áfram telja.

En svo kom Icesave og alls konar, og smám saman varð nóg að segja „ekki á dagskrá“ þegar Evrópa kom til umræðu.

Sjálfstæðisflokkurinn forhertist og klofnaði, Framsókn fríkaði út og klofnaði. Og það varð reyndar um nóg annað að tala.

Ein almenn félagasamtök hafa líka reynt að tala um þessi mál af viti. Þau heita „Já – Ísland“ eða eitthvað í þá veruna. Hið ágætasta starf, þótt ekki hafi farið mikið fyrir því upp á síðkastið.

Á því var þó einn alvarlegur skavanki. Þau höfðu aðsetur í Skipholti, að mig minnir, og stóðu einkum fyrir fundum þar. Þar voru flutt fín erindi og mikill fróðleikur borinn fram.

En – og það er mikilvægt en: Þau voru að tala við sjálf sig.

Það kann ekki endilega alltaf góðri lukku að stýra.

Allar kannanir (og þarf svosem ekki þær til) sýna að andstaða við aðild að Evrópusambandinu er mest í hinum dreifðu byggðum. Það sem við köllum úti á landi. Það eru engin vísindi. Hið sama gilti um Brexit, og gildir líka um Trump, Pútín og tætlurnar af Miðflokknum.

En af sjálfu leiðir, að baráttan fyrir aðild að Evrópusambandinu vinnst ekki í Skipholtinu. Hún vinnst með skipulegri vinnu „úti á landi“. Í Búðardal. Á Bíldudal, Breiðdalsvík og í Vestmannaeyjum.

Og þá með því að tala um það sem fólki „úti á landi“ stendur hjarta næst, einkum sjávarútveg og landbúnað. Eða öllu heldur byggðastefnu í stærri skilningi.

Á Íslandi hefur aldrei verið til byggðastefna, sama hvað Framsóknarflokkarnir hafa reynt að selja ykkur. Hún hefur alltaf byggzt á því að sækja umbætur til Reykjavíkur. Kjósið mig, þá skal ég redda einhverju, hafa þingmenn landsbyggðanna sagt áratugum saman.

Hér er nýleg dæmisaga: Fyrir nokkru varð óvenjulegasta sameining sveitarfélaga sem um getur. Fyrir austan. Djúpivogur í suðri sameinaðist upp á Hérað, með viðkomu á Seyðisfirði og allt austur á Borgarfjörð.

Helztu rökin fyrir þessari sameiningu voru bættar samgöngur. Sumsé „loforð“ Sigurðar Inga Jóhannssonar (já, hann er einmitt formaður Framsóknarflokksins) um að með sameiningu yrði til heilsársvegur yfir Öxi, hugsanlega fengju Seyðfirðingar loksins tengingu við nágranna sína og Borgfirðingar nothæfa heimreið. Sigurður Ingi sagði þetta ítrekað og alveg kinnroðalaust.

Sumsé klassísk íslenzk smákóngapólitík og „byggðastefna“.

Þeir sem hafa ekið um ESB-ríki í Austur-Evrópu nýlega (eða bara Kanaríeyjar) sjá hversu miklar samgöngubætur hafa orðið þar. Þar þurfti engan Sigurð Inga til. Umbæturnar eru hluti af almennri byggðastefnu sem gerir líf fólks betra.

Jón Ormur Halldórsson meitlaði þessa hugsun í grein í Kjarnanum fyrir skömmu: „Aðild að ESB er í raun árás á forréttindi, fákeppni, valdstjórn og staðbundna pólitíska duttlunga.“

Málstað verður aðeins unnið fylgi með samræðum, staðreyndum og hæfilegri þolinmæði fyrir þvælunni sem alltaf sprettur fram. Líka lífsgleði, sem er aðalsmerki Evrópu.

En þetta gerist allra sízt með því að tala við sjálfan sig í Skipholtinu. ■







Husqvarna OPAL 650
Verð áður 114.900 kr. / **Tilboð: 94.900 kr.**



Husqvarna Emerald 118
Verð áður 69.900 kr. / **Tilboð: 59.900 kr.**



Husqvarna Emerald 116
Verð áður 59.900 kr. / **Tilboð: 49.900 kr.**



Sennheiser HD-450BT
Verð áður 28.900 kr. / **Tilboð: 19.900 kr.**



Sennheiser CX-PLUS TRUE
Verð áður 27.900 kr. / **Tilboð: 19.900 kr.**



Sennheiser Momentum TRUE
Verð áður 47.900 kr. / **Tilboð: 39.900 kr.**



Borðlampi
Verð áður 15.900 kr. / **Tilboð: 12.900 kr.**



Borðlampi
Verð áður 14.900 kr. / **Tilboð: 11.900 kr.**



Gólflampi
Verð áður 25.900 kr. / **Tilboð: 19.900 kr.**

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • www.pfaff.is • OPIÐ virka daga 10–18. Lokað um helgar.

# Í hvaða liði viltu vera?



**Guðbrandur Einarsson**
alþingismaður Viðreisnar

> **Viljum við taka þátt í þeirri viðleitni Evrópu að skapa frið og velsæld í allri Evrópu, þar sem unnið hefur verið að því að tengja Evrópulöndin betur saman og jafna lífskjör milli Evrópulanda?**

Árás Rússlands á Úkraínu hefur gert það að verkum að margir hafa verið að endurskoða afstöðu sína til ýmissa hluta. Umræða um fæðuöryggi hefur meðal annars farið aðf stað og margir óttast að stríðsátök geti breiðst út til annarra landa.

Þá hafa margar þjóðir verið að skoða stöðu sína í samfélagi þjóðanna en einnig framlög sín til varnar- og öryggismála. Bæði Þjóðverjar og Danir eru að stórauka framlög sín til sinna herja og Finnar og Svíar, sem verið hafa utan NATO, útiloka nú ekki að sækja um aðild að bandalaginu. Það fyrsta sem forseti Úkraínu óskaði eftir til þess að styrkja stöðu landsins, við þessar skelfilegu aðstæður, var að sækja um aðild að Evrópusambandinu, þar sem hann taldi að landinu væri best borgið í samfélagi þjóðanna í Evrópu. Hvers vegna skyldi það vera?

Hér á Íslandi er umræðan um Evrópusambandið oftast lituð af eiginhagsmunum. Hvað fáum við út úr því að ganga í ESB? Vissulega er gott að spyrja slíkra spurninga og í mínum huga er enginn vafi á því að Ísland myndi njóta góðs af fjölmörgu sem þar er til staðar, aukins stöðugleika í efnahagsmálum og lýðræðislegrar aðkomu að því að skrifa þær reglur sem við innleiðum nú þegar. Ég er sannfærður um að ef gerð yrði hagsmunagreining á kostum þess að ganga í ESB þá myndu kostirnir vera mun fleiri en að standa fyrir utan sambandið. En við sem þjóð eigum líka að velta því fyrir okkur hvað við getum lagt til. Viljum við taka þátt í þeirri viðleitni Evrópu að skapa frið og velsæld í allri Evrópu, þar sem unnið hefur verið að því að tengja Evrópulöndin betur saman og jafna lífskjör milli Evrópulanda? Það var og hefur verið tilgangur Evrópusambandsins og flest lönd Evrópu hafa tekið ákvörðun um að fylgja sér á bak við þau markmið.

Hvenær skyldum við Íslendingar taka ákvörðun um að gera slíkt hið sama? ■

Landssöfnun Lions
Rauða fjöðrin 31. mars - 3. apríl
Til styrktar leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins




Hringdu núna!
Söfnunarsímar:
908-1101 fyrir 1000 kr.
908-1103 fyrir 3000 kr.
908-1105 fyrir 5000 kr.





# Gæti orðið besta borg í heimi



**Örn Sigurðsson**
arkitekt

Hvers vegna eru engir reykvískir listar í framboði til borgarstjórnar? Hver gætir hagsmuna borgarbúa? Já, hverjir eru helstu hagsmunir Reykvíkinga? Að sjálfsögðu eru það langveigamestu hagsmunir þeirra fyrr og síðar að losna við 80 ára gamlan herflugvöll og skerðingu lofthelginnar yfir öllu Nesinu vestan Elliðaáa.

Árlegt tjón af 80 ára gömlum herflugvelli í stað miðborgar í Vatnsmýri nemur hundruðum milljarða króna. Tjónið felst einkum í því að stöðugt eru reist ný íbúðahverfi á röngum stað ár eftir ár, áratug eftir áratug.

Gömul dæmi eru endalaus ný úthverfi í Reykjavík og stjórnlaus útþensla byggðar í nýju þéttbýli í SV-kjördæmi. Nýtt dæmi er byggð meðfram Suðurlandsbraut og yfir Elliðaár, sem fyrir fáum árum var fráleit hugmynd á blaði en er nú orðin hryggjarstykkið í hæpnum áformum um borgarlínu.

Dæmin vitna um skort á fagmennsku og framsýni og lýsa um leið stigvaxandi eyðingarmætti misvægis atkvæða. Frá stríðslokum risu hverfin hvert af öðru því ekki var pólitískt mögulegt að hrófla við herflugvelli á landi, sem Reykvíkingar fengu 1. janúar 1932 fyrir nýja miðborg.

Ríkið tók Vatnsmýrarsvæðið með óréttmætum og fjandsamlegum hætti af Reykvíkingum 1946, afhenti Flugfélagi Akureyrar herflugvöllinn þar til leigufrírra afnota og gerði fyrrverandi stjórnarformann þess að flugmálafulltrúa ríkisins.

Hvorki eru dæmi um sambærilegt landrán hérlendis né í nálægum löndum en þekkt tilvik í nútímasögunni, meðal annars í Palestínu og í Úkraínu, skekja nú heimsbyggðina. Talsmáti Pútíns og annarra illvirkja minnir á þvætting þeirra, sem beita sér fyrir rekstri forkólfa Akureyringa og samherja þeirra af landsbyggðinni á herflugvelli í Vatnsmýri.

Aldrei mátti styggja forkólfana. Flugvöllurinn varð brátt sannkölluð ormagryfja hins unga lýðveldis og tifandi vítisvél, sem breytti efnilegri evrópskri smáborg í ósjálfbæra flatneskju höfuðborgarsvæðisins (HBS) árið 2022, sem er að minnsta kosti fjórfalt víðáttumeiri en ella hefði orðið.

Viðvarandi atgervisflótti frá Íslandi, óhóflegur akstur, mikil bílaeign, mengun, losun CO2, lök lýðheilsa og ómæld glötuð tækifæri eru meðal einkenna byggðar og samfélags í Reykjavík og á HBS. En hvers vegna gerir enginn neitt? Kringumstæður í ráðhúsi Reykjavíkur eru líkt og úr leikhúsi fáránleikans og persónur og leikendur þar eins og strengjabrúður. Allt í boði misvægis atkvæða og forkólfanna.

Í lok mars eru átta listar fyrir kosningar til borgarstjórnar, Framsókn, Íhald, Kommar og Kratar, sumir rækilega dulbúnir. Gamli Fjórflokkurinn eins og hann leggur sig. Og svo eru nokkrir nýliðar, meðal annars afsprengi klofnings og bankahruns. Við fyrstu sýn virðist þetta fjölskrúðugt framboð af alls konar, eitthvað fyrir alla. En þegar betur er að gáð kemur annað í ljós.

Listarnir átta eiga sameiginlegan innbyggðan kerfisgalla, sem vinnur sjálfkrafa gegn helstu hagsmunum borgarbúa og gegn þjóðarhag. Þeir eru hreinræktaðir landsmálalistar, aukageta flokka, sem bjóða fram til Alþingis í öllum kjördæmum. Þessi kerfisgalli er banvæn bjögun vegna misvægis atkvæða.

Frá lýðveldistöku og lengur hafa landsmálalistar stjórnað Reykjavík. Áratuga reynsla er af því í borgarstjórn að þegar hagsmunir borgar og landsbyggðar skarast víkja hagsmunir borgarbúa alltaf. Þetta á einkum við um lóðina undir 80 ára gömlum herflugvelli í Vatnsmýri og lofthelgina yfir öllu Nesinu vestan Elliðaáa, alls um 2.200 hektarar lands.

Listarnir átta eru líkt og trójuhestar í ráðhúsi Reykjavíkur, farvegir fyrir fjandsamleg og eyðandi bjögunaráhrif af landsbyggðinni í krafti misvægis atkvæða. Herflugvöllinn skal festa í sessi í Vatnsmýri með öllum tiltækum ráðum.

Í skugga misvægis telja kjörnir fulltrúar Reykvíkinga að ríkið ráði yfir herflugvellinum. Flestir hinna kjörnu viðurkenna þó að Samtök um betri byggð hafi faglega séð rétt fyrir sér í helstu skipulagsmálum Reykjavíkur, það sé hins vegar pólitískt ómögulegt að láta almannaheill ráða og ganga þannig gegn valdi og vilja ríkisins um áframhaldandi flugrekstur.

> **Í skugga misvægis telja kjörnir fulltrúar Reykvíkinga að ríkið ráði yfir herflugvellinum.**

En stærstu línur borgarskipulags falla sjálfkrafa að skilgreiningu hugtaksins „almannaheill“ sem er það sem gagnast flestum í samfélaginu best hverju sinni og er hornsteinn kenninga um stjórnmál og heimspeki síðustu 2.500 ára, kjarni alþjóðlegra sáttmála, stjórnarskráa ríkja og sjálfs lýðræðisins.

Formlegt vald ríkisins er því auðvitað ekkert, keisarinn ekki í neinu. Reykvíkingar fara sjálfir með skipulagsvald yfir öllu landi innan marka Reykjavíkur eins og önnur sveitarfélög á Íslandi innan sinna marka, í samræmi við lög, reglur og hefðir hvar sem er, ekki aðeins á Íslandi. Það vald er algert og óskorað.

Illa fengið áhrifavald af misbeitingu misvægis atkvæða nær aðeins til einkahagsmuna kjörinna fulltrúa Reykvíkinga og til framboða landsmálaflokka. Vilji Reykvíkinga sjálfra er allt sem til þarf.

Kjósendur í Reykjavík ættu nú að sameinast um framboð, sem er óháð misvægi atkvæða og vinnur eingöngu fyrir borgarbúa að reykvískum hagsmunum. Þeir sem ná inn í borgarstjórn af þeim lista geta unnið fyrir og rætt við kjósendur sína hvern einasta dag næstu fjögur ár. ■

# RISA TAX FREE DAGAR*

30.mars til 6.apríl

ORMSSON

Lágmúla, Akureyri og ormsson.is

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

# Mennirnir sem eiga að bæta metið

Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Boltinn byrjar að rúlla í Bestu deild karla eftir 17 daga. Leikjum fjölgar í ár og því eru auknar líkur á að markametið í efstu deild í knattspyrnu verði slegið. Fjórir aðilar deila metinu í dag en öllum tókst að skora 19 mörk í efstu deild, þrír af þeim gerðu það í 18 leikja móti en Andri Rúnar Bjarnason skoraði mörkin 19 í 22 leikja móti. Leikirnir í ár verða 27 og því er það sjálfsögð krafa á markaskorara þessa lands að bæta metið.



VALUR
## Patrick Pedersen

**Aldur:** 30 ára
**Leikir í efstu deild:** 121
**Mörk:** 79
**Flest mörk á tímabili:** 17

ÍBV
## Andri Rúnar Bjarnason

**Aldur:** 31 árs
**Leikir í efstu deild:** 40
**Mörk:** 21
**Flest mörk á tímabili:** 19

FH
## Steven Lennon

**Aldur:** 34 ára
**Leikir í efstu deild:** 182
**Mörk:** 97
**Flest mörk á tímabili:** 17

KR
## Kjartan Henry Finnbogason

**Aldur:** 35 ára
**Leikir í efstu deild:** 115
**Mörk:** 45
**Flest mörk á tímabili:** 12

KEFLAVÍK
## Patrik Johannesen

**Aldur:** 26 ára
**Leikir í efstu deild:** 0
**Mörk:** 0
**Flest mörk á tímabili:** 0

# Mennirnir sem eiga metið í dag



## Tryggvi Guðmundsson

**Mörk:** 19
**Ár:** 1997

Markahæsti leikmaður í sögu efstu deildar jafnaði metið sumarið 1997 þegar Eyjapeyjar höfðu á að skipa einu besta liði landsins. Tryggvi var markahrókur af guðs náð og var ansi nálægt því að slá metið á þessum tíma.

## Pétur Pétursson

**Mörk:** 19
**Ár:** 1978

Pétur Pétursson skoraði 19 mörk í 17 leikjum með Skagamönnum árið 1978 og bætti þar með fimm ára gamalt met Hermanns Gunnarssonar. Pétur hefur svo haldið því fram að mörkin hafi í raun verið tuttugu.

## Guðmundur Torfason

**Mörk:** 19
**Ár:** 1986

Mörkin 19 sem Guðmundur skoraði komu átta árum eftir að Pétur Pétursson hafði sett metið. Guðmundur var lunkinn framherji með Fram á þessum árum. Mörkin 19 skiluðu því að Guðmundur fékk tækifæri í atvinnumennsku.

## Þórður Guðjónsson

**Mörk:** 19
**Ár:** 1993

Skagamenn voru duglegir að raða inn mörkum á þessum tíma. Ungur og efnilegur Þórður Guðjónsson raðaði inn mörkum seinni hluta sumars árið 1993 og jafnaði metið sem Pétur Pétursson og Guðmundur Torfason áttu á þeim tíma.

## Andri Rúnar Bjarnason

**Mörk:** 19
**Ár:** 2017

Andri Rúnar raðaði inn mörkum fyrir Grindavík sumarið 2017, hann var nálægt því að bæta metið en undir restina hægðist aðeins á kappanum. Hann er sá eini sem á metið í dag sem hefur tök á því að bæta það.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 1. apríl 2022



Matt Smith leikur prinsinn Daemon Targaryen í þáttunum. SKJÁSKOT/YOUTUBE

## Meira Game of Thrones í ágúst

oddurfreyr@frettabladid.is

Bandaríska sjónvarpsstöðin HBO tilkynnti á miðvikudag að House of the Dragon, nýju Game of Thrones-sjónvarpsþættirnir sem gerast á undan þáttunum sem þegar hafa verið sýndir, hefji göngu sína 21. ágúst næstkomandi.

House of the Dragon gerist mörg hundruð árum á undan hinum þáttunum og segir söguna af Targaryen-fjölskyldunni, en þættirnir eru lauslega byggðir á samnefndri bók frá 2018 eftir George R.R. Martin, höfund GoT-bókanna.

Þættirnir segja frá átökum innan fjölskyldunnar sem eru þekkt sem „Dans drekanna“ í GoT-sögunni. Átökin snúast um hver erfir Járnkrúnuna eftir að konungurinn Viserys Targaryen hinn fyrsti deyr og enda með borgarastyrjöld. Átökin leiða á endanum til þess að fjölskyldan volduga missir völdin.

**Þrjú ár síðan þættirnir enduðu**

Það eru að verða komin þrjú ár frá því að síðasti þátturinn í síðustu þáttaröðinni af upprunalegu þáttunum var sýndur. Þættirnir voru einhverjir vinsælustu sjónvarpsþættir sögunnar og á tímabili var mikill áhugi á því að fá fleiri sögur frá Westeros. En það var mikil óánægja með hvernig síðasta þáttaröðin endaði, svo margir aðdáendur hafa blendnar tilfinningar til hugmyndarinnar um meira af Game of Thrones. Það kemur í ljós í ágúst hvort þættirnir standa undir væntingum. ■






Davíð Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri Pronano, segir vörur CCM hafa hlotið tugi verðlauna fyrir framúrskarandi virkni og eiginleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Framtíðin er nanótækni

Þýska fyrirtækið CCM er leiðandi á heimsvísu í vörum byggðum á nanótækni. Senn hefja fyrirtækin Pronano og Foss Distillery framleiðslu og pökkun á nanóvörum úr íslensku vatni með einkaleyfi frá CCM. Vörulína Pronano hentar öllum fyrirtækjum og heimilum. 2

Samningurinn felur í sér leyfi CCM til notkunar á efnaformúlum þeirra og vörum, til pökkunar og framleiðslu hérlendis, meðal annars úr íslensku vatni.

„Með samningi við CCM náum við fram hagræði í kostnaðarverði, sköpum störf hér á landi og vinnum að frekari vöruþróun með leyfi og eftirliti CCM,“ greinir Davíð Már Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri Pronano, frá.

Hann segir Bernd Zimmerman, forstjóra CCM, og efnafræðinga hans afar áhugasama um eiginleika íslenska vatnsins.

„Vegna hreinleika og efnasamsetningar þykir íslenska vatnið einstaklega hentugt til framleiðslu á nanótengdum vörum. Það síast í gegnum hrein jarðlög á náttúrulegan hátt og þarf því ekki að hreinsa vatnið né blanda í það aukefnum líkt og víða er gert erlendis á kostnaðarsaman hátt,“ útskýrir Davíð Már.

CCM er leiðandi á heimsvísu í vöruþróun sem er byggð á nanótækni.

„Vörur CCM eru seldar í 84 löndum og hafa hlotið tugi verðlauna fyrir framúrskarandi virkni og eiginleika. Með marga af fremstu uppfinningamönnum Þýskalands nær CCM að leiða heimsmarkaðinn og koma með nýstárlegar lausnir á sviði nanótækni. Umhverfisþátturinn er leiðandi afl í vöruþróun CCM og fyrirtækið margverðlaunað á þeim vettvangi, en það hefur meðal annars hlotið hin virtu Green Apple Awards fjórum sinnum, ásamt fjölda annarra verðlauna,“ upplýsir Davíð Már.

**Umhverfisvænar lausnir**

Nanótækni CCM byggir á gleri í fljótandi formi. Þegar nanóefni þornar getur mólikúl-samsetningin orðið 200 til 500 sinnum sterkari en venjulegt stál en samt er hægt að beygja nanóefnið án þess að það brotni.

„CCM hannar ýmsar útgáfur sem láta smáeindir raða sér saman eftir því hvað þær eiga að gera. Þær festa sig við mjúkt efni eða hart. Útkomuna sjáum við með berum augum. Þegar nanóefni er komið á flöt hrindir það frá sér öllu vegna þess að yfirborðið, eða trefjarnar sem nanóefnið er komið í, verður fullkomnara eða sléttara áferðar,“ útskýrir Davíð Már.

Í samstarfi við Pronano mun Foss Distillery annast framleiðslu og pökkun á sextán vörunúmerum eftir formúlum CCM.

„Jakob S. Bjarnason, framkvæmdastjóri og eigandi Foss Distillery, býr yfir áratuga reynslu af slíkum ábyrgðarstörfum í framleiðslu og vöruþróun. Jakob mun vinna að vöruþróun í nánu samstarfi við Bergþór Hermannsson, vöruþróunarstjóra Pronano, en Bergþór er menntaður vélstjóri og hefur frá árinu 1994 verið helsti sérfræðingur landsins í nanótækni. Saman munu þeir hafa yfirumsjón með vali á hagkvæmum umbúðum og fylgja eftir efnaformúlum CCM,“ segir Davíð Már.

Vörur og þjónusta Pronano henta öllum framsýnum fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja auka líftíma og ásýnd eigna sinna, spara tíma og fyrirhöfn, og stuðla að náttúruvernd og öryggi.

„Fyrirtæki geta skipt út öllum eiturefnum yfir í umhverfisvæn hreinsiefni sem stuðla að heilbrigðara umhverfi starfsmanna. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir matvælaframleiðslu af öllum toga og heilbrigðisstofnanir. Framtíðin er nanótækni!“ segir Davíð Már, fullur tilhlökkunar fyrir samstarfinu við CCM, Foss Distillery og komandi nanóframleiðslu.

*Allar vörur Pronano/CCM eru vottaðar af viðurkenndum alþjóðlegum og virtum fyrirtækjum þegar kemur að virkni og endingartíma. Ber þar helst að nefna Institut Fresenius (ASTM Standard E-2180), ISEGA, MIKROLAB, SGZ, ISO 9001 og ISO 14001 og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO).*



Davíð Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri og eigandi Pronano, og Jakob S. Bjarnason, framkvæmdastjóri og eigandi Foss Distillery, handsala samning um samstarf við CCM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Prófanir og vottanir CCM:** https://www.ccm-liquid-glass.com/en/products/liquid-glass/tests-reports-certifications/ ■

Allar upplýsingar er að finna á pronano.is

Þjónusta Pronano

**Fyrirtækjasala**

Pronano selur vörur í stærri einingum beint til fyrirtækja sem tengjast vörunotkun til þrifa, sótthreinsunar og yfirborðsvarna. Setjum upp blöndunarstöðvar fyrir hreinsiefni.

**Verktakaþjónusta**

Pronano tekur að sér öll verkefni sem felast í að verja yfirborð á mannvirkjum, skipum, tækjum, bílaflota eða öðrum eignum sem henta. Tökum einnig að okkur verkefni með Bacoban til að útrýma myglu af yfirborði í byggingum.

**Smásölumarkaður**

Með tilkomu samnings við Foss Distillery mun Pronano stórauka vörur í handhægum umbúðum fyrir smærri fyrirtæki og heimili. Þar ber að nefna steinvörn, leðurvörn, nano-bón, framrúðuvörn, handsótthreinsi, glervörn, Biosativa, Bacoban, Símavörn og Hot Stuff. Sumar vörurnar eru þegar í sölu en aðrar væntanlegar á næstu vikum.



Pronano selur meðal annars nanóvörur til þrifa, sótthreinsunar og hvers kyns yfirborðsvarna.



Nanóvörur koma alls staðar við sögu í atvinnulífinu, jafnt til sjós og lands.

## Óviðjafnanleg vörn fyrir heimili og fyrirtæki

Vörulína Pronano hentar öllum fyrirtækjum og heimilum sem vilja grænar lausnir og lengja líftíma og útlit á eignum sínum.

- Steinvörn veitir allt að 20 ára vörn á allar tegundir steins, steypu, granít og marmara. Hún gengur inn í steininn og verndar gegn óhreinindum, gróðri, raka og vætu. Lokar ytra byrði en andar út. Meðal viðskiptavina eru Blue Lagoon, Sky Lagoon, Skógarböðin, sundlaugar, fasteignafélög, einstaklingar, múrarar og framleiðendur á steinplötum.
- Viðarvörn veitir vörn í allt að 10 ár og ver viðinn gegn vætu, óhreinindum, gróðri og sól. Lokar timbrinu og er olíu-, fitu- og efnaþolið.
- Krotvörn veitir allt að 20 ára vörn og þolir allt að 50 þrif með sápuvatni. Myndar vörn gegn sólargeislum, vökva, óhreinindum og ekki síst veggjakroti. Sterk binding á steypu og timbur. Hægt að fá í grunn RAL-litum, ef óskað er. Vegagerðin, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður hafa nýtt sér þessa þjónustu með góðum árangri.
- Plastvörn veitir vörn í allt að 10 ár. Nothæf á plexí, trefjaplast, málað plast og fleira. Myndar sterka rispuvörn, sparar viðhald og er alveg efnaþolið.
- Glervörn veitir allt að 5 ára vörn og er nothæf á allt gler, spegla, málma og króm. Er hita- og frostþolin. Auðveldar til muna öll þrif.
- Ofurvörn er sterkasta vörnin og veitir vörn í allt að 25 ár. Notast á alla málma, flísar og plast. Myndar gríðarlega sterka rispuvörn og er mjög hita- og efnaþolið
- Nano Clear veitir 10 ára vörn eða lengur við erfiðustu aðstæður. Dregur fram upprunalegan lit yfirborðs við ásetningu. Sérstaklega hentugt í skipaútgerð og á vinnuvélar í krefjandi aðstæðum. Minnkar viðnám á sjó og sparar olíunotkun. Alveg efnaþolið og ver gegn sólargeislum.
- Steypustyrking er íblöndunarefni fyrir steypu. Við blöndun myndar steypan vörn gegn mosa, gróðri og sveppum. Hrindir frá sér vökva og óhreinindum. Styrkir steypuna og verndar gegn sprungumyndun, ásamt því að mynda vörn gegn alkalí-skemmdum og útfellingum.
- Nanobón á ökutæki myndar allt að eins árs vörn á bifreiðar. Mjög auðvelt í notkun og virkar innan nokkurra mínútna. Varan gefur meiri glans og litstyrk. Má bera á plastfleti og felgur. Berið sjálf á bílinn fyrir brot af kostnaði fyrir sambærilegar vörur. Hrindir frá sér vætu.
- Framrúðuvörn veitir vörn í allt að 20.000 kílómetra. Selt í pakka sem inniheldur hreinsiklúta, húðunarklúta fyrir vörnina, örtrefjaklút og einnota hanska. Bætir verulega skyggni, minnkar ljósbjögun og glampa á nóttunni, perlar burt vætu, þolir hitabreytingar, efnaþolin, minnkar verulega viðloðun skordýra og flugna. Mjög einfalt í notkun.
- Leðurvörn. Veitir vörn í allt að 25 þvotta. Bindur sig við trefjar í leðri og textílefnum. Ver gegn óhreinindum og hvers kyns vökva.
- Bacoban-alhreinsir og sóttvörn veitir 10 daga vörn gegn Covid, myglu, sveppamyndun og yfir 200 flokkum af vírusum og veirum. Eina hreinsiefnið sem fyrirtæki og heimili þurfa til daglegra nota. Varan myndar örþunna nanohúð sem auðveldar öll eftirþrif og verndar yfirborð gegn vætu og óhreinindum. Má nota á alla innanhússfleti eins og gólf, veggi, húsgögn, gler og fjölmargt annað. Varan er hönnuð fyrir heilbrigðisstofnanir. Varan fæst bæði tilbúin til notkunar og til blöndunar. Meðal viðskiptavina eru sjúkrahús, heilsugæslur, sundlaugar, hótel og í raun allar tegundir fyrirtækja.
- Biosativa olíu- og fituhreinsir er 100 prósent náttúrulegt efni sem er gríðarlega öflugt hreinsiefni. Má nota í öll þrif en er mjög áhrifaríkt þar sem fita eða olía hefur skaðað yfirborðið. Sérstaklega hentugur í ofna og þar sem mikil olíunotkun er viðhöfð, eins og á bílaverkstæðum. Varan hefur þrisvar hlotið Green Apple Awards, sem eru æðstu verðlaun fyrir umhverfisvænar vörur. Nýverið kom upp olíuleki á Vestfjörðum þar sem Biosativa var notað til hreinsunar á olíu og eftir yfirferð Landhelgisgæslunnar með drónum sáust engin ummerki mengunar.
- Pedexan er frábær lyktareyðir í skófatnað. Kemur í veg fyrir óværu á fótum og myndar vörn gegn sveppamyndun. Langtímavirkni. Meðal viðskiptavina er Slökkvilið Reykjavíkur, íþróttafólk, göngugarpar og í raun allir sem svitna í skófatnaði við áhugamál sín eða við vinnu.
- Símavörn sem er sú mest selda í heiminum. Veitir vörn gegn bakteríum í allt að ár. Stöðvar 80 prósent af skaðlegum rafsegulbylgjum. Styrkir skjái um allt að 600 prósent gagnvart höggum og rispumyndun.
- Handsótthreinsir sem myndar 120 mínútna vörn á höndum. Engin lyktarefni og ekkert spritt. Mjög húðvæn vara sem þurrkar ekki húð og er DIN EN 1500-vottuð. Vinnur gegn Covid, vírusum og bakteríum með 99,999 prósenta virkni sem myndast eftir eina mínútu.
- Hot stuff er mjög sterk yfirborðsvörn fyrir skófatnað sem hrindir frá sér vætu og óhreinindum. Dugar á fjögur skópör og þolir allt að 10 þvotta eftir notkun við 30°C.







BÍÓBÆRINN
MEÐ GUNNARI ANTONI GUÐMUNDSSYNI
OG ÁRNA GESTI SIGFÚSSYNI
MIÐVIKUDAGA KL. 20.00
HRINGBRAUT

# Hið myrka óvænt leyst úr læðingi

Morbius á rætur sínar í söguheimi Spider-Man.

Dr. Michael Morbius þjáist af sjaldgæfum blóðsjúkdómi. Hann getur ekki hugsað sér að aðrir hljóti sömu örlög og keppist við að finna lækningu og gerir tilraun á sjálfum sér.

Til að byrja með virðist tilraunin heppnast fullkomlega en svo kemur í ljós að hún leysir úr læðingi hið myrka innra með honum.

Á margan hátt er Morbius hliðstæða Dr. Jeckyll og Mr. Hyde.

Dr. Morbius verður lifandi vampíra. Unnendur kvikmyndaveraldar Marvel-teiknimyndasagnanna þekkja þessa sögu.

Í myndinni Morbius er það Jared Leto sem leiðir okkur í gegnum innri baráttu Dr. Morbius þar sem hann reynir að hemja þorsta sinn eftir blóði.

Morbius lækni býður við blóðsugueðli sínu. Hann velur að ráðast gegn glæpamönnum sem hann telur að séu að eyða heiminum og verðskuldi ekki að lifa.

Í sinni eigin baráttu neyðist Morbius til að flýja undan leynilögreglumanninum Simon Shroud sem var á hælum andhetjunnar.

Mun hið góða sigra það illa – eða verður Morbius að lúta í lægra haldi fyrir fýsnum sínum?

Morbius er einn af óþokkunum í Spider-Man og er oft lýst sem andhetju, með bæði góða kosti og slæma galla. Morbius tilheyrir sama heimi og Venom. ■

Smárabíó, Háskólabíó, Sambíó og Borgarbíó



**Fróðleikur**

- Atriðin sem gerast í New York voru tekin upp í norðurhluta Manchester í Bretlandi. Öllum ljósum, skiltum og númeraplötum á tökusvæðinu var skipt út og breytt til að allt liti út eins og New York.
- Jared Leto hefur áður leikið persónu úr teiknimyndasögu. Hann lék the Joker í Suicide Squad 2016.
- Með leik í þessari mynd hafa bæði Jaret Leto og Michael Keaton leikið í myndum úr teiknimyndasöguheimi bæði DC og Marvel. Leto sem the Joker í Suicide Squad og Justice League og Keaton var Batman árið 1989.

» **Mun hið góða sigra það illa – eða verður Morbius að lúta í lægra haldi fyrir fýsnum sínum?**

**Komin í bíó**

**Aðalhlutverk:**
Jared Leto, Michael Keaton, Adria Arjona, Jared Harris, Matt Smith og Tyrese Gibson

**Handritshöfundar:**
Matt Sazama og Burk Sharpless

**Leikstjóri:**
Daniel Espinosa

16




# Getur berdreymi verið leiðarljós til betra lífs?

Addi er ungur drengur sem á skyggna móður. Hann og vinir hans eru eilítið utangátta.

Addi ákveður að hleypa dreng sem er utangarðs og hefur orðið fyrir einelti inn í vinahópinn.

Drengirnir ganga að mestu sjálfala og leiðast út í að prufa sig áfram með yfirgangi og ofbeldi en kynnast líka hollustu og kærleika.

Hegðun þeirra magnast og leiðir þá brátt í aðstæður sem geta ógnað lífi þeirra.

Draumkenndar sýnir byrja að birtast Adda.

Getur þetta nýfengna innsæi hans orðið honum og vinum hans leiðarljós í átt til heilbrigðara og öruggara lífs eða verður ekki aftur snúið af ofbeldisbrautinni?

Guðmundur Arnar, leikstjóri Berdreymis, segir drauma hafa ásótt sig þegar hann var að skoða sögur fyrir sína aðra leiknu mynd í fullri lengd og ekki látið hann í friði fyrr en hann byrjaði að skrifa söguna.

„Ég og vinir mínir erum komnir af venjulegu vinnandi fólki,“ segir hann. „Samt fannst okkur veröld okkar vera einstök. Kaldhæðinn húmor, ofbeldi og foreldrar sem virtust ekki alveg hafa tök á sínu eigin lífi. Í ofanálag er mikið trúað á merkingu drauma og hið yfirnáttúrulega í minni fjölskyldu.“

Í Berdreymi falla þessi atriði í eitt. Sagan er um vináttu sem er að springa af ungri orku, von og ráðvilltum tilfinningum. Hún er um hóp drengja sem finnast þeir vera óvelkomnir en sækja stuðning hver til annars.

Berdreymi var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín og hlaut þar verðlaun.



**Fróðleikur**

- Sturla Brandth Grøvlen hlaut Silfurbjörninn á Berlinale-kvikmyndahátíðinni fyrir listrænt framlag fyrir spennumyndina Victoria frá 2015, en hún var tekin í einni töku sem þykir algerlega einstakt.
- Myndin hlaut stuðning meðal annars frá Eurimages, kvikmyndasjóði Evrópuráðsins, auk kvikmyndasjóða allra landanna sem að henni standa og Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum.

Guðmundur Arnar hefur áður gert myndina Hjartastein og stuttmyndirnar Ártún og Hvalfjörð, sem hlotið hafa alþjóðleg verðlaun. ■

Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó

» **Hegðun þeirra magnast og leiðir þá brátt í aðstæður sem geta ógnað lífi þeirra.**

**Frumsýnd 22. apríl 2022**

**Aðalhlutverk:**
Birgir Dagur Bjarkason, Áskell Einar Pálmason, Viktor Benóný Benediktsson, Snorri Rafn Frímannsson, Aníta Briem, Ísgerður Gunnarsdóttir og Ólafur Darri Ólafsson

**Handritshöfundur:**
Guðmundur Arnar Guðmundsson

**Leikstjóri:**
Guðmundur Arnar Guðmundsson

14




**Útgefandi:** Torg ehf. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | **Veffang:** frettabladid.is


Popp & Coke
HAMINGJUSAMT HJÓNABAND Í ÖLL ÞESSI ÁR
Stjörnu Osta-POPP
Stjörnu POPP
Ferskt svo það braka
Coca-Cola
ORIGINAL TASTE
Ljúffengt og svalandi
© 2022 The Coca-Cola Company.

# Ódauðleg og tímalaus saga um blóðhefnd

The Northman er byggð á sömu norrænu þjóðsögu og Shakespeare notaði sem fyrirmynd að ódauðlegu verki sínu um Hamlet Danaprins.

Hér er fylgst með ungum víkingi sem leitar hefnda vegna morðsins á föður sínum.

Leikstjórinn, Robert Eggers, er sonur prófessors í enskum bókmenntum sem kenndi Shakespeare og leitaði efniviðar á sömu miðum og Shakespeare gerði á sínum tíma.

Eggers ákvað í samráði við Alexander Skarsgård, aðalleikara myndarinnar, að færa söguna í víkingabúning og fékk til liðs við sig Sjón. Haft er fyrir satt að Sjón hafi ráðið miklu um að ekki yrði neitt blúndutal, því að þótt það geti verið viðeigandi í ljóðskap Shakespeares fór því fjarri að norrænir víkingar þættu prúðir og hófsamir.

Sjón mun hafa gert Eggers fulla grein fyrir því að víkingar hefðu verið ruddar sem vöfðu ekki bómull um hlutina. Þó að þeir hafi verið góð skáld hafi orðfæri þeirra verið einfalt og laust við blúndur og prjál.

Sjón er ekki eini Íslendingurinn sem kemur að þessari mynd. Bæði Björk og Ingvar E. Sigurðsson fara með veigamikil hlutverk og Hafþór Júlíus Björnsson og Ísadóra Bjarkardóttir Barney leika líka í henni.

Leikararnir eru engir aukvisar. Nicole Kidman leikur stærsta kvenhlutverkið, en í myndinni er einnig að finna Claes Bang, Ethan Hawke og Willem Dafoe, svo einhverjir séu nefndir.

Sannkallað einvalalið og sannkölluð stórmynd með sterku íslensku ívafi þrátt fyrir að hún hafi verið tekin á Írlandi en ekki hér á landi. ■



**Fróðleikur**

- Galdrakarlinn (Ingvar E. Sigurðsson) er klæddur í kvenmannsföt. Á járnöld var á Norðurlöndum litið svo á að galdrar væru kvennamál og vísað til galdrakarla með sama hætti og homma.
- Hlutverkið í The Northman er fyrsta kvikmyndahlutverk Bjarkar í sautján ár.

» **Sjón mun hafa gert Eggers fulla grein fyrir því að víkingar hefðu verið ruddar sem vöfðu ekki bómull um hlutina.**

Háskólabíó, Sam-Álfabakka, Sam-Kringlunni, Egilshöll, Smárabíó, Borgarbíó Akureyri, Selfossbíó og Sam-Keflavík

Frumsýnd
14. apríl

**Aðalhlutverk:**
Alexander Skarsgård, Nicole Kidman, Claes Bang, Ethan Hawke, Willem Dafoe, auk Bjarkar, Ingvars E. Sigurðssonar, Hafþórs Júlíusar Björnssonar og Ísadóru Bjarkardóttur Barney

**Handritshöfundar:**
Robert Eggers og Sjón

**Leikstjóri:**
Robert Eggers

16




# Gömul leyndarmál gægjast upp á yfirborðið

Árið er 1928 og fjölskyldan og þjónustufólkið í Downton Abbey eru við brúðkaup Toms Branson og ungfrú Lucy Smith, dóttur Maud, lafði Bagshaw.

Eftir að heilsu hertogaekkjunnar fór að hraka flutti hún aftur til Downton til að gera verið nærri fjölskyldu sinni.

Grantham lávarður greinir frá því að lögmaður fjölskyldunnar muni koma til Downton að ósk hertogaekkjunnar og að öll fjölskyldan eigi að vera viðstödd.

Violet hefur erft villu í Suður-Frakklandi og hyggst arfleiða lafði Sybil og Sybbie, dóttur Bransons, að henni, nokkuð sem Tom Branson líst illa á.

Spurningunni hvers vegna hinn látni Montmirail markgreifi arfleiddi hertogaekkjuna að svo verðmætri eign er ósvarað.

Grantham lávarður fær áhugavert símtal frá herra Barber, kvikmyndaleikstjóra hjá British Lion-kvikmyndafyrirtækinu, sem vill láta næstu þöglu mynd sína, The Gambler, gerast í Downton Abbey.

Robert telur hugmyndina vera fáránlega en tilboðið er himinhátt og eftir skoðunarferð um háloftið afræður Mary að taka því.

Fréttirnar um fyrirhugaða kvikmyndatöku býr til eftirvæntingu meðal þjónustufólksins. Daisi og Anna eru að farast úr spenningi yfir að fá að berja átrúnaðargoð sín augum. Carson er síður spenntur.

Fjölskyldan undirbýr brottför til Frakklands þegar stjórnur myndarinnar ber að garði og æsingurinn hjá þjónustufólkinu nálgast suðumark.



**Fróðleikur**

- Downton Abbey heitir í raun Highclere Castle og hefur verið í eigu Carnavon-fjölskyldunnar síðan 1679. Á vorin og sumrin er hægt að leigja kastalann fyrir brúðkaup og aðrar athafnir.
- Meðal kvikmynda sem teknar hafa verið upp í Highclere Castle má nefna Eyes Wide Shut með Nicole Kidman og Tom Cruise og Robin Hood: Prince of Thieves.

Fjölskyldan, ásamt Carson, heldur til Frakklands að skoða hina nýju eign hertogaekkjunnar en Mary verður eftir í Downton til að sjá um þarfir kvikmyndateymisins.

Robert kemst að leyndarmálum sem vekja spurningar sem aðeins móðir hans getur svarað og þegar Cora deilir sínu eigin leyndarmáli með Robert flýtir það fyrir brottför frá Frakklandi. ■

Háskólabíó, Smárabíó, Sam-Kringlunni, Sambíóin Akureyri,

Frumsýnd
29. apríl 2022

**Aðalhlutverk:**
Hugh Bonneville, Michelle Dockery, Jim Carter, Elizabeth McGovern, Joanne Froggatt, Maggie Smith, Tuppence Middleton og Phyllis Logan

**Handritshöfundur:**
Julian Fellows

**Leikstjóri:**
Simon Curtis

12






ANNO 1366

STELLA ARTOIS

ALCOHOL FREE



# Hve lengi getur Dumbledore haldið sér til hlés?

Prófessor Albus Dumbledore veit að hinn voldugi og myrki galdramaður Gellert Grindelwald ætlar sér að ná yfirráðum yfir galdraheimum.

Hann treystir sér ekki til að stöðva hann einn og felur galdrafræðingnum Newt Scamander að leiða teymi galdramanna, norna og einn hugrakkan mugg í hættulega för þar sem þau lenda í návígi við gamla og nýja óþokka og lendir saman við her Grindelwalds sem stækkar sífellt.

En hvernig getur Dumbledore verið á hliðarlínunni þegar svona mikið er í húfi?

Myndin gerist á fjórða áratug síðustu aldar, nokkrum árum eftir að The Crimes of Grindelwald á að gerast.

The Secrets of Dumbledore er þriðja myndin í seríunni um Fantastic Beasts og ellefta myndin í allri galdraseríunni sem byrjaði með Harry Potter og viskusteininum fyrir rúmlega 20 árum.

Myndin gerist sem fyrr segir á 4. áratug 20. aldarinnar og seinni heimsstyrjöldin nálgast óðfluga og sagan skýrir hvernig galdraheimurinn blandast inn í stríðið.

Leikurinn berst víða, meðal annars til galdrasamfélaganna í Bútan, Þýskalandi og Kína, auk þess sem gamalkunnir staðir í Bandaríkjunum og Bretlandi koma við sögu.

Allir helstu leikararnir úr fyrri tveimur myndunum um Fantastic Beasts ætluðu að taka þátt í þessari þriðju mynd seríunnar en í nóvember tilkynnti Johnny Depp, sem hafði leikið Grindelwald, að hann myndi ekki taka þátt í verkefninu vegna þess að Warner Bros. höfðu beðið hann um að draga sig út úr því vegna neikvæðrar umfjöllunar um meiðyrðamál Depps gegn News Group-dagblaðakeðjunni.

Tökur voru hafnar og Depp hafði þegar leikið í einu atriði sem tekið var upp í London. Sagan segir að samningur Depps hafi hljóðað upp á 1-2 milljarða króna, hvort sem myndin kláraðist eða ekki.

Það var svo danski leikarinn Mads Mikkelsen sem hljóp í skarðið fyrir Depp og árangurinn má sjá í þessari mynd. ■

Sambíóin, Smárabíó, Laugarásbíó og Bíóhúsið Selfossi



### Fróðleikur

- Upphaflegur handritshöfundur Harry Potter-myndanna snýr aftur og skrifar handritið að þessari mynd ásamt J.K. Rowling.
- Upphaflega átti að frumsýna myndina 12. nóvember 2021 en myndatökur töfðust vegna brotthvarfs Johnny Depp í nóvember 2020 svo heimsfrumsýningin er 8. apríl næstkomandi.
- J.K. Rowling greindi frá því árið 2007 að Dumbledore væri samkynhneigður og hún hefur einnig greint frá því að hann og Grindelwald hafi átt í eldheitu „ástarsambandi“.

Frumsýnd
8. apríl 2022

**Aðalhlutverk:**
Mads Mikkelsen, Ezra Miller, Katherine Waterston, Jude Law, Eddie Redmayne, Alison Sudol og Dan Fogler

**Handritshöfundar:**
J.K. Rowling og Steve Kloves

**Leikstjóri:**
David Yates

L




# Ótrúlegur blekkingarleikur

Operation Mincemeat byggir á sannri sögu úr seinni heimsstyrjöldinni. Árið 1943 fannst lík í sjónum úti fyrir strönd Huelva á suðurhluta Spánar. Líkið virtist hafa verið nokkurn tíma í sjónum og við úlnlið þess var hlekkjuð skjalataska.

Þjóðverjar fréttu af líkinu og skjalatöskunni og lögðu allt kapp á að komast yfir hana, ekki síst þegar þeir fréttu að Bretar væru að reyna að endurheimta hana.

Þjóðverjum tókst að ná töskunni á undan Bretum og í henni fundu þeir trúnaðarbréf frá yfirvöldum í London til háttsetts bresks foringja í Túnis sem gaf í skyn að herir bandamanna hygðust ráðast frá Norður-Afríku yfir Miðjarðarhafið á Sardiníu og Grikkland. Þetta reyndist vel heppnaður blekkingarleikur Breta til að villa Þjóðverjum sýn. Bandamenn réðust inn á Sikiley. Líkið í sjónum var af umrenningi frá Wales sem leyniþjónustan hafði fengið í líkhúsi í London. Oft er sannleikurinn ótrúlegri en skáldskapur. ■

Sambíóin




Frumsýnd
22. apríl 2022

**Aðalhlutverk:**
Rufus Wright, Atthew Macfayden, Ruby Bentall, Charlotte Hamblin og Colin Firth

**Handritshöfundar:**
Michelle Ashford (handrit) og Ben Macintyre (bók)

**Leikstjóri:**
John Madden

12



# Kapphlaupið um smaragðinn

Sónik er búinn að koma sér fyrir í Green Hills og tilbúinn í meira frelsi. Tom og Maddie samþykkja að leyfa honum að vera einum heima á meðan þau fara í frí.

Ekki eru þau fyrr farin af stað en Doktor Róbotnikk snýr aftur. Í þetta sinn er hann með nýjan félaga með sér, Hnefil, og þeir eru að leita að smaragði sem býr yfir afli til að bæði byggja nýja heima og siðmenningar og eyða þeim.

Sónik heldur af stað í ferðalag með Hölum félaga sínum og saman ætla þeir að finna smaragðinn áður en hann fellur í rangar hendur.

Einvalalið íslenskra leikara og söngvara fer með hlutverk í íslensku útgáfunni, en myndin verður sýnd með bæði íslensku og ensku tali. Í ensku útgáfunni fara Jim Carrey, James Marsden og Ben Schwartz með helstu raddir.

Myndin er sýnd bæði með íslensku og ensku tali. ■

Sambíóin, Smárabíó, Laugarásbíó og Bíóhúsið Selfossi




Komin í bíó

**Aðalhlutverk:**
*íslensk talsetning*
Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Björgvin Franz Gíslason, Davíð Guðbrandsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir

**Handritshöfundar:**
Pat Casey, Josh Miller og John Whittington

**Leikstjóri:**
Jeff Fowler

L




SOUR PATCH Kids
SOUR THEN SWEET.
SOUR PATCH Kids
160 g
Be treatwise
FYRST SÆTIR.
SÍÐAN SÚRIR.

# Tvær hjartnæmar sálir mætast í klefa nr. 6

Hér er á ferðinni stórkostleg vegakvikmynd sem fjallar um tvær sálir sem deila saman lestarklefa á leið sinni til norðurslóða og mun ferðin breyta lífsviðhorfi beggja til frambúðar ... Myndin hefur hlotið einróma lof erlendra gagnrýnenda og hefur leikstjóranum verið hrósað fyrir einstakt lag á því að segja sögu fólks þar sem tilfinningar þeirra eru nær áþreifanlegar.

Lára er finnskur námsmaður í Moskvu 1996. Ráðvillt og döpur yfirgefur hún borgina og tekur lest til Múrmansk til að skoða 10 þúsund ára steinmálverk. Hún þráir eitthvað varanlegt lífi sínu, eitthvað sem hún hefur ekki fundið í Moskvu.

Í lestinni verður hún að deila klefa með Vadim, rússneskum námamanni. Návistin við hinn grófa Vadim og ömurð rússneskra bæja verður til þess að rómantískur ljómi sem Laura hafði séð ferðalag sitt í byrjar að dofna.

Ferðalagið er táknmynd um lífið sjálft en í rýni Ásgeirs Ingólfssonar fyrir RÚV segir: „... *Klefi nr. 6* er hinn skítugi og kaotíski raunveruleiki sem við eigum raunverulega eftir að rekast á í lestum heimsins þar sem við finnum kannski ekki sálufélaga en rekumst á aðrar sálir, blöndumst þeim, eignumst hlutdeild í þeim. Hlutdeild í hinum framandi heimum og hjörtum sem við hefðum annars aldrei skilið.“

Myndinni hefur verið lýst sem finnsku útgáfunni af *Before Sunrise* en hún hlaut dómnefndarverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2021.

Leikstjórinn Juho Kuosmanen var viðstaddur frumsýningu í Bíó Paradís á fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd, *The Happiest Day in the Life of Ollie Mäki*, sem vann Un Certain Regard flokkinn á Cannes-kvikmyndahátíðinni. Hún er nú aðgengileg á streymisveitu bíósins, heima.bioparadis.is. *Klefi nr. 6* er önnur kvikmynd Kuosmanen í fullri lengd.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Rosu Liksom og var framlag Finnlands til Óskarsverðlaunanna þar sem hún komst á stuttlista tilnefndra kvikmynda. ■

Bíó Paradís



### Fróðleikur

- *Klefi nr. 6* er að mestu tekin um borð í rússneskum járnbrautarlestum.
- Upphaflega átti að taka hluta myndarinnar í Moskvu en vegna Covid þurfti að flytja tökur til St. Pétursborgar.
- Bókin sem myndin er gerð eftir gerist í Sovétríkjunum á níunda áratug síðustu aldar og í bókinni er lestarferðalagið með Síberíulestinni.

Frumsýnd
13. apríl 2022

**Aðalhlutverk:**
Yuriy Borisov, Seidi Haarla og Yuliya Aug

**Handritshöfundar:**
Andris Feldmanis, Juho Kuosmanen og Rosa Liksom

**Leikstjóri:**
Juho Kuosmanen

**Tungumál:**
Rússneska og finnska með íslenskum texta

12




# Evrópska gamanmynd ársins – Ninjababy

Rakel er ung og uppátækjasöm en einn daginn kemst hún að því að hún sé ólétt – eða réttara sagt komin sex mánuði á leið – og eftir einnar nætur gaman í þokkabót.

Hún ætlar sko ekki að setja það á dagskrá lífsins að verða móðir og hefur aldrei ætlað sér að fjölga mannkyninu. Hún á fullt í fangi með sjálfa sig. En hún getur ekki hunsað þá staðreynd að hún er ólétt!

Hún áttar sig á því að hún á engan kost annan en að ganga með og fæða barnið og ringluð bregst hún við af vonleysi og reiði. Henni finnst barnið hafa komið aftan að sér. „Þetta er ansans lúmskt Ninjababy sem heldur að það geti bara falið sig þarna inni, skemmt sér og laumast út eftir níu mánuði.“

Upp úr teikniblokk Rakelar fer Ninjababy að taka á sig mynd, dæma hana og berjast fyrir framtíð sinni. Rakel þarf að feta einstigið milli þess sem er henni fyrir bestu og þess sem er barninu fyrir bestu. Getur það verið eitt og hið sama?

*Ninjababy* er einlæg og skemmtileg þroskasaga um þversögnina sem felst í því hve hægt er að vera óundirbúin einhverju jafn eðlilegu og náttúrulegu og óléttu á sínum frjósamasta aldri.

Stórkostleg gamanmynd um áskoranir lífsins – þar sem teiknimyndir hjálpa auðvitað til! Myndin er byggð á teiknimyndasögunni *Fallteknik* eftir Ingu Sætre, sem skapaði líka allan teiknimyndaheim *Ninjababy*.

Gagnrýnendur eru á einu máli, hér er um að ræða stórskemmtilega gamanmynd þar sem fóstrið umrædda fær sitt eigið líf í myndasöguheimi verðandi móður þar sem stutt er á milli hláturs og gráts.

**» Stórkostleg gamanmynd um áskoranir lífsins.**

Leikstýran Yngvild Sve Flikke segir í viðtölum að hún hafi viljað gera kvikmynd sem er jafn klikkuð og lífið sjálft og hafði strax augastað á teiknaranum Ingu Sætre. Saman tefla þær fram kvikmynd sem vakið hefur athygli víðs vegar um heim. ■

Bíó Paradís



### Fróðleikur

- *NInjababy* hlaut áhorfendaverðlaun South by Southwest kvikmyndahátíðarinnar og Kristalbjörninn á Berlinale-kvikmyndahátíðinni. Valin besta evrópska gamanmyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2021.
- Kristine Kujath Thorp er metsöluhöfundur. 2020 gaf hún út barnabókina *Hjelp småkryperne* (Hjálpum litlu skordýrunum) sem hefur verið á metsölulistum yfir barnabækur í Noregi síðan.
- Vitnað er til *Mamma Mia!* þar sem skyndikynni Rakelar eru sögð svipuð þeim sem leiddu til aðstæðna Pierce Brosnan.

Frumsýnd
28. apríl 2022

**Aðalhlutverk:**
Kristine Kujath Thorp, Arthur Berning og Nader Khademi

**Handritshöfundar:**
Johan Fasting, Yngvild Sve Flikke og Inga Sætre

**Leikstjóri:**
Yngvild Sve Flikke

**Tungumál:**
Norska með íslenskum texta

12




icebreaker
Move to natural
Icebreaker Merino ull. Fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Oasis Síðerma
14.990 kr.
Oasis Hálfrennd
15.990 kr.
Sonebula Hár kragi
15.990 kr.
Everyday Leggings
12.990 kr.
Everyday Síðerma
12.990 kr.
Flexi Chute
Hlýir hálskragar
4.990 kr.
Tech Lite II
Stuttermabolur
12.990 kr.
Sphere II
Stuttermabolur
11.990 kr.
Siren Tank
Hlýrabolur
8.390 kr.
Hike+Light
Sokkar
3.990 kr.
Barna leggings
Verð frá 8.590 kr.
Barna bolur
Verð frá 8.590 kr.
Fastray High Rise
Leggings
16.590 kr.
Sierra
Hanskar
6.690 kr.
Yanni
Kjóll
13.990 kr.
Zoneknit Bra Tank
Toppur
12.990 kr.
Sprite Racerback
Toppur
8.490 kr.
Sprite Hot Pants
Nærbuxur
6.990 kr.
Anatomica Cool-Lite Boxers
Nærbuxur
6.590 kr.
GG SPORT
Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!
@ggsport.is
@gg_sport
Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

# Nútímahernaður á yfirsnúningi og miklu meira býr undir

Í þessum æsispennandi spennutrylli er Chris Pine í hlutverki þrautþjálfaðs liðþjálfa í sérsveitunum sem er rekinn og missir eftirlaun sín.

Skuldugur og kominn upp að vegg er hann staðráðinn í að tryggja hag fjölskyldu sinnar. Harper gerir samning við leynilegan einkarekinn her.

Þegar fyrsta verkefnið erlendis klúðrast er þessi þrautþjálfaði hermaður kominn á flótta, flæktur í hættulegt samsæri og þarf að berjast fyrir lífi sínu til að komast heim og fletta ofan af raunverulegum ásetningi þeirra sem sviku hann.

Þessi mynd þykir að mörgu leyti minna á Bourne-myndirnar. Chris Pine sagði í viðtali grunnþemað í henni vera sögu manns sem berst við flóðbylgjur lífsins og reynir að fóta sig. „Þetta er forn saga og ný, mjög lýsandi saga af 21. aldar hernaði.

Þetta er ekki eins og seinni heimsstyrjöldin þar sem baráttan var milli góðs og ills. Þetta er dásamlega einfaldur og vel spunninn þráður, en samt svo miklu meira en það. Þetta er miklu dýpra. Þetta snýst ekki bara um að drepa vonda karlinn. Þetta snýst um það hver þú ert sem manneskja, sem maður.“ ■



**Fróðleikur**

- The Contractor er þriðja myndin sem Chris Pine og Ben Foster gera saman. Áður gerðu þeir The Finest Hour (2016) og Hell or Highwater (2016).

**Frumsýnd í apríl 2022**

**Aðalhlutverk:**
Chris Pine, Gillian Jacobs, Kiefer Sutherland, Ben Foster, Sander Thomas, Toby Dixon og Dean Ashton

**Handritshöfundur:**
J.P. Davis

**Leikstjóri:**
Tarik Saleh

16

**Þegar fyrsta verkefnið erlendis klúðrast er þessi þrautþjálfaði hermaður kominn á flótta, flæktur í hættulegt samsæri og þarf að berjast fyrir lífi sínu til að komast heim.**




# Hrósað í hástert og hundrað prósent hjá Rotten Tomatoes

Nicolas Cage leikur … ja, Nick Cage í spennugamanmyndinni The Unbearable Weight of Mass Talent.

Skáldskaparkarakterinn Nick Cage er blankur og á engan kost annan en að þiggja boð um eina milljón dollara fyrir að koma fram á afmælisskemmtun fyrir stórhættulegan milljarðamæring sem er mikill aðdáandi hans.

Hlutirnir þróast í óvænta átt þegar bandarísk leyniþjónustukona fær Cage til að gerast útsendari CIA þar sem aðdáandinn ríki er í raun eiturlyfjabarón.

Cage stendur nú frammi fyrir stærstu áskorun lífs síns og erfiðasta hlutverki sínu – Nick Cage.

Hann verður að slá í gegn og leika öll sín helstu kvikmyndahlutverk til að bjarga sjálfum sér og þeim sem hann elskar.

Myndin fær 100 prósent hjá Rotten Tomatoes og frábæra dóma. Gagnrýnendur halda vart vatni yfir þessari nýstárlegu nálgun leikstjórans á kvikmyndaformið og segja þetta einhverja skemmtilegustu mynd seinni tíma, ef ekki þá skemmtilegustu. ■

**Fróðleikur**

- Þegar tökum lauk fékk allt teymið púða með andlitsmynd af Nicolas Cage og eiginhandaráritun hans sjálfs.
- Nicolas Cage vildi fyrst ekki leika sjálfan sig en snerist hugur þegar hann fékk bréf frá Tom Gormican með handritinu.
- Í upphaflega handritinu var atriði þar sem Nick Cage elti Quentin Tarantino til að reyna að fá hlutverk í næstu mynd hans.
- Dan Stevens átti upphaflega að leika hlutverkið sem Pedro Pascal gerir ógleymanlega.
- Myndin átti upphaflega að gerast í New York og Mexíkó en vegna faraldursins var hún flutt til Ungverjalands.



Laugarásbíó, Sam-Álfabakka, Borgarbíó Akureyri, Selfossbíó og Sam-Keflavík

**Frumsýnd 22. apríl 2022**

**Aðalhlutverk:**
Nicolas Cage, Pedro Pascal, Jacob Scipio, Demi Moore, Ike Barinholtz, Sharon Hoirgan og Neil Patrick Harris

**Handritshöfundar:**
Kevin Etten og Tom Gormican

**Leikstjóri:**
Tom Gormican

16

**Cage stendur nú frammi fyrir stærstu áskorun lífs síns og erfiðasta hlutverki sínu – Nick Cage.**




# Sýnir okkur að göfuglyndi býr innra með okkur öllum

Píla er lítill munaðarleysingi sem býr á götunni í borginni Roc-en-Brume. Ásamt tömdu hreysiköttunum sínum þremur kemst hún af með því að stela mat úr kastala illgjarna ríkisstjórans Tristains sem hafði hrifsað völdin.

Dag einn dulbýr Píla sig sem prinsessa til að komast undan vörðunum sem eru á hælum hennar.

Fyrr en varir er hún lögð, þrátt fyrir að þora varla, í hættuför til að bjarga Roland, réttmætum ríkisarfa, sem hefur verið hneppur í álög og breytt í … kattakjúkling (hálfan kött og hálfan kjúkling).

Hafið er ævintýri sem mun setja allt konungsríkið á hvolf og kenna Pílu að göfuglyndi býr innra með okkur öllum.

Gagnrýnendur segja Julien Fournet hafa tekist að segja hjartnæma sögu með fallegum boðskap fyrir börnin um leið og henni tekst að heilla fullorðna áhorfendur með fyndni og skemmtilegheitum, sem helst minna á gamlar Andrésar andar-teiknimyndir og bestu myndirnar með Steina og Olla.

Það skiptir nefnilega máli að öll fjölskyldan geti skemmt sér saman í bíó.

Myndin er með íslensku tali og íslensku leikararnir leysa sitt hlutverk af stakri prýði. ■



Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri og Selfossbíó

**Frumsýnd 22. apríl 2022**

**Aðalhlutverk:**
*Íslensk talsetning*
Andrea Ösp Karlsdóttir, Stefán Benedikt Vilhelmsson og Árni Beinteinn Árnason

**Handritshöfundur:**
Julien Fournet

**Leikstjóri:**
Julien Fournet

L

**Hafið er ævintýri sem mun setja allt konungsríkið á hvolf og kenna Pílu að göfuglyndi býr innra með okkur öllum.**



# Áhrifaríkustu myndirnar þegar áhætta er tekin

Aníta Briem, sem leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Skjálfta, sem frumsýnd var í vikunni, og stórt hlutverk í Berdreymi, sem frumsýnd verður 22. apríl, hefur haft í nógu að snúast í íslenskum verkefnum síðustu tvö árin.

olafur@frettabladid.is



Aníta Briem hefur gert garðinn frægan hér heima og beggja vegna Atlantshafs. MYNDIR/SAGA SIG

Blaðamaður settist niður með Anítu Briem í Betri stofunni, sem svo er kölluð, í húsakynnum Torgs við Hafnartorg. Svo skemmtilega vill til að Betri stofan var einmitt notuð sem skrifstofa Steinunnar, sem Aníta lék í þáttaseríunni Ráðherranum, fyrir tveimur árum.

*Aníta hefur leikið mikið hér heima að undanförnu en hún hefur líka leikið mikið í bæði Bretlandi og Bandaríkjunum. Eru þetta ólíkir heimar, hér heima og erlendis?*

„Mér finnst vera gríðarlega mikill munur á þessum heimum, hérna og erlendis, og þá kannski sérstaklega í Bandaríkjunum. Það er svo mikill munur á því hvernig sögur eru sagðar. Þetta eru svo ólíkir menningarheimar.

Ég held að mismunandi menningarheimar þurfi sögurnar sínar í mismunandi formum og umbúðum. Í Bretlandi er frásagnarstíll miklu nær okkur en í Bandaríkjunum. Ég eyddi miklum tíma í Bandaríkjunum og fannst forvitnilegt að vera þar og upplifa nýja hluti, en kannski tengdist ég þessum menningarheimi samt aldrei neitt djúpum böndum.“

### Önnum kafin á Íslandi

Aníta hefur lítinn frítíma átt að undanförnu. „Ég var í Svar við bréfi Helgu, kvikmyndinni sem Ása Helga Hjörleifsdóttir leikstýrir af stakri snilld. Hún verður frumsýnd seinna á árinu. Svo er ég í Villibráð eftir Elsu Maríu Jakobsdóttur sem líka kemur út seinna á árinu.

Ég er að fara að gera mína eigin seríu, sem ég skrifaði, og það lítur jafnvel út fyrir að hún sé að fara í tökur núna í sumar. Þetta er ástarsaga, en ekki svona dæmigerð sem endar á því að ástfangið par leiðist inn í sólsetrið. Aðeins meira raunsæi á ferð,“ segir Aníta.

„Þetta var búið að gerjast í mér í fimm ár núna og í fyrra fór ég að setja þetta í sjónvarpsseríuform. Það hefur tekið mig dálítinn tíma að færa mig inn á þetta svæði. Ég hef verið feimin við að kalla mig handritshöfund, var bara að dvelja í ferlinu held ég, en þegar tilkynning kom í Variety sem titlaði mig sem slíkan varð það allt í einu raunverulegt. Og auðvitað mikill heiður að það skyldi vera tilkynnt, ekki síst fyrir sjálfri mér, á þann hátt.“

Aníta segist hafa haft frábært fólk í kringum sig í þessu verkefni. „Glass River er að framleiða og nú erum við að setja saman teymið í kringum þetta. Katrín Björgvinsdóttir ætlar að leikstýra. Hún er tiltölulega nýlega útskrifuð úr konunglega danska skólanum og mjög klár í sínu fagi. Ég verð í hlutverki skapara, creator, og svo leik ég aðalhlutverkið.“

Þessa dagana er verið að ráða leikara í seríuna. Hlutverkin eru ekki mörg og Aníta skrifaði þetta með ákveðna leikara í huga. Þættirnir verða sex og eru 45 mínútur hver, í dramaformi.

Að sögn Anítu tekur undirbúningur fyrir svona seríu mörg ár. „Ég fór að vinna formlega með Glass River síðasta sumar og ef allt gengur eftir og tökur verða í sumar er hægt að segja að hlutirnir gangi mjög hratt fyrir sig, óvenjulega hratt.“

### Munur á Evrópu og Ameríku

*Hvaða áhrif hefur Covid haft á kvikmyndaframleiðslu?*

Aníta kann betur við sagnahefð í Evrópu en í Ameríku.



„Það er raunar mjög mismunandi milli landa. Ég heimsótti til dæmis Bandaríkin núna á dögunum í fyrsta sinn í tvö ár. Í Warner Bros. kvikmyndaverinu var enginn. Þar hefur enginn verið í tvö ár. Þetta var ótrúlegt, alveg eins og að labba inn í draugabæ.

Hér á Íslandi er ég búin að vera í verkefni eftir verkefni og þarna áttaði ég mig á því hvað við erum heppin hérna. Kvikmyndaiðnaðurinn hérna hefur getað haldið áfram á fullri ferð. Frá því að faraldurinn hófst hef ég verið í fjórum verkefnum.

Auðvitað hefur þetta verið skrítið og maður hefur haft áhyggjur af því að framleiðslu gæti verið hætt á hverri stundu, aðalleikarinn eða leikstjórinn farið í sóttkví og svo framvegis, en þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel.“

Í Bandaríkjunum hefur þessu verið þveröfugt háttað. Þar stoppaði allt í langan tíma og fyrirtæki eins og streymisveitur reyna hvað þau geta að ná sér í efni. Í Evrópu hefur þetta verið öðruvísi. Þar hafa áhrifin verið meiri á kvikmyndahátíðir.

„Þessar myndir sem ég hef verið í eru listrænar myndir og þegar þær eru tilbúnar eru þær frumsýndar á kvikmyndahátíðum, fara síðan á fleiri hátíðir og í almenna sýningu í framhaldinu. Þannig eignast þær áhorfendur og líf.

Það sem gerðist í Evrópu var að kvikmyndahátíðirnar voru annað hvort algerlega á vefnum eða féllu niður. Því er mikill flöskuháls, uppsöfnuð framleiðsla, sem ekki hefur komist almennilega í sýningu. Þetta er alveg öfugt í Ameríku. Þar er skortur á myndum.“

### Ólíkar myndir

Í Berdreymi leikur Aníta Briem nokkurs konar fimmta hlutverk, en í aðalhlutverkum eru fjórir ungir strákar og skila sínu frábærlega vel, að sögn Anítu sem leikur Guðrúnu, móður Adda, í myndinni.

> Maður veit aldrei hvernig áhrifin verða og það hefur snert mann að hún skuli vera að hafa þessi tilætluðu áhrif.
>
> Aníta Briem

„Guðmundur Arnar er stórkostlegur listamaður og tökumaðurinn er Sturla Brandth Grøvlen, sem var líka tökumaður á Druk. Hann er einn færasti kvikmyndatökumaðurinn í heiminum í dag og það voru þvílík forréttindi að fá að vinna með þessum tveimur.

Góðir tökumenn eru svo næmir á frammistöðu leikara að þeir verða nánast eins og persóna í senunni. Eins og þeir séu áhorfandinn sem maður getur átt einhvers konar dans með í augnablikinu.“

Aníta lék líka í frumraun Tinnu Hrafnsdóttur sem leikstjóra myndar í fullri lengd, Skjálfta.

„Þessar myndir eru mjög ólíkar. Þær eru báðar eftir ótrúlega flotta íslenska kvikmyndagerðarmenn. Tinna er að gera sína fyrstu mynd í fullri lengd. Myndin er byggð á bók Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta, og Tinna tekur þetta alveg snilldarlega. Kvikmyndin er allt annað miðlunarform en bókin og frásögnin er allt önnur.“

Skjálfti hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum og fengið alveg feikilega góða dóma. Lofuð í hástert og fjórar stjörnur. „Það sem manni finnst samt vænst um er að í dómunum sjálfum talar fólk svo persónulega um hana, talar um tilfinningalega ferðalagið sem hver og einn upplifði, sem er auðvitað alltaf misjafnt, því að engar tvær mannssálir eru eins.“

Skjálfti var tekin upp fyrir tveimur árum. Í kvikmyndunum líður langur tími frá því að myndir eru framleiddar þar til þær koma fyrir augu áhorfenda.

„Maður veit aldrei hvernig áhrifin verða og það hefur snert mig djúpt að hún skuli hafa þessi tilætluðu áhrif. Hún fjallar um að það er ekki bara hægt að sópa hlutum undir teppið. Ef fólk tekst ekki á við hlutina stækka þeir og verða eins og eitur í líkamanum sem ekki fer fyrr en við þorum að horfast í augu við það.

Stundum verða atburðir í okkar lífi, eins og í þessu tilfelli að Saga fær flogakast og missir minnið. Þessir atburðir geta stundum virst erfiðir eða óyfirstíganlegir, en geta verið hin mesta gjöf. Orðið til þess að við öðlumst hugrekki og skýrleika til þess að horfast í augu við og takast á við eitthvað sem við höfum veigrað okkur við.

Fortíðin breytist ekki eða hverfur þótt við tölum ekki um hana. Hún er hluti af okkur. Hluti af fjölskyldum okkar og getur þroskað okkur og sameinað ef nálgast er af kærleika og heiðarleika.“

Aníta er ánægð á Íslandi. „Mér líður vel hérna. En auðvitað er ég til í að skoða tækifæri til að vinna að metnaðarfullum verkefnum með góðu listafólki bæði hér og í útlöndum.

### Sögur með boðskap

Ég hef verið svo heppin að fá mörg tækifæri hérna heima og hef haft nóg að gera í verkefnum með stórbrotnu kvikmyndagerðarfólki. En ég fann líka að ég varð aðeins að kúpla mig út úr þessu í Ameríku. Mér fannst ég verða að ná jarðtengingu aftur og fékk tækifæri til þess hérna.

Úti í Ameríku eru svo ótrúlega miklir peningar í húfi. Myndir kosta kannski 50-100 milljónir dollara í framleiðslu og ábyrgðin er gríðarleg. Þá eru menn ekkert að taka neina óþarfa áhættu.

En mér finnst áhrifaríkustu myndirnar oft vera myndir eftir leikstjóra sem eru að taka áhættu. Þegar áhættan gengur upp getur útkoman verið stórkostleg.

Þegar verið er að setja tugi milljóna dollara í mynd vill stúdíóið ekki taka neina áhættu. Það vill leikara sem draga að áhorfendur og handritið má ekki fæla neinn í burtu eða móðga of mikið.

List getur hins vegar oft verið óþægileg og krefjandi. Það er ekkert að því að búa til afþreyingu en ég vil að sögurnar hafi merkingu og boðskap,“ segir Aníta Briem. ■


JARED LETO
A NEW MARVEL LEGEND ARRIVES
MORBIUS
KOMIN Í BÍÓ
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
SAMBÍÓIN
BORGAR BÍÓ
#Morbius
/MorbiusMovie
©2021 CTMG. © & ™ 2021 MARVEL

# 3 fyrir 2
## af útsöluvörum

**Verslaðu 2 vörur á útsölunni og fáðu þriðju ódýrustu útsöluvörunar fría með !!**

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16







































Curvy Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

## Þjónusta

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu



mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Mikið úrval

Verð við allra hæfi

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

### Heilsuvörur




## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN**

**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Þróun Sundahafnar**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Skipulagsstofnun

### Umhverfismat framkvæmda

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Ásætuvarnir í Patreksfirði og Tálknafirði**
- **Ásætuvarnir í Dýrafirði**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021.

Ákvarðanirnar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **2. maí 2022.**

### Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi.**

Hamranes þróunarreitur 28B, nýtt deiliskipulag. Tillagan gerir ráð fyrir að reisa tvö fimm hæða fjölbýlishús með 46 íbúðum ásamt bílakjallara og reit fyrir smáhýsi á lóð.

Tillagan er til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá **01.04.22**.

Einnig er hægt að skoða skipulagstillöguna á **hfj.is/skipulag**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað eigi síðar en **16.05.2022** á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eða skriflega í þjónustuver:

**Hafnarfjarðarbær**
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður






(VERÐI)

# FÖGNUM BETRA VEÐRI

## 20% AFSLÁTTUR ALLA HELGINA
### AF ÖLLUM VÖRUM

HLAUPAJAKKAR
HLAUPABUXUR
HEILSUSANDALAR
GÖNGUSKÓR
NÆRINGARGEL
ENNISBÖND
HÚFUR
VETTLINGAR
VETRARBUXUR
STUTTBUXUR
HLAUPASKÓR
HLAUPASOKKAR
MITTISBELTI MEÐ VASA
ÞRÝSTIERMAR
MEÐFERÐARSOKKAR
HLAUPASTAFIR
HLAUPASOKKAR
ÞRÝSTISOKKAR
HLAUPASTAFIR
DRYKKJARVESTI
ENDURSKINSVESTI
NÚNINGSVÖRN
VATNSHELDUR FATNAÐUR
KEPPNISBOLIR
HLÝJIR SOKKAR
MARAÞONSOKKAR
VÍBRANDI NUDDVÖRUR
HLAUPAGLERAUGU
HJÓLAGLERAUGU
BRÚSAR
HLAUPAGREINING
STUÐNINGSHLÍFAR
VÖRUR FYRIR ENDURHEIMT
HLAUPATOPPAR
HLAUPANÆRFATNAÐUR
FÓTAVÖRUR OG MARGT FLEIRA



TECNICA
*Framtíðin er komin*
Sér-mótaðir á þig með hita og þrýstingi



Verð nú 27.992
áður 34.990

Magma, léttir og liprir gönguskór



Verð nú 39.992
áður 49.990

Forge GTX alvöru gönguskór

BROOKS
*Hlauptu brosandi*



Verð nú 18.392
áður 22.990

Adrenaline, mest seldu styrktu hlaupaskórnir



Verð nú 21.592
áður 26.990

Catamount, léttir trail skór sem koma þér alla leið

FÆTUR TOGA
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Kringlan 3. hæð - Höfðabakki 3 - Faeturtoga.is - Sími 55 77 100

## Merkisatburðir

**1855** Íslendingum er leyfð frjáls verslun við þegna allra þjóða.
**1873** Hilmar Finsen er skipaður fyrsti landshöfðingi Íslands.
**1896** Ullarvinnsla hefst hjá **Álafossi.**
**1936** Alþýðutryggingalög taka gildi.
**1955** Aprílgabb birtist í Tímanum um væntanlegan fund æðstu ráðamanna heims í Reykjavík.
**1970** Richard Nixon bannar sígarettuauglýsingar í sjónvarpi.
**1976** Tölvufyrirtækið Apple er stofnað.
**1981** Íslenska hljómsveitin Grýlurnar er stofnuð.
**1998** Vefmiðillinn Vísir verður til.
**2003** Íslenska kvikmyndin Fyrsti apríll er frumsýnd.





✝

Ástkær móðir mín,
amma og systir okkar,

**Gerður Berndsen**

sem lést laugardaginn 26. mars,
verður jarðsungin frá Háteigskirkju
mánudaginn 4. apríl kl. 15.00.

**Ragnheiður M. Kristjónsdóttir**
**Andri Pétur Magnússon**
**Þrúður Pálsdóttir**
**Margrét Berndsen**
**Sólveig Berndsen**
**Jóhanna Sigríður Berndsen**



✝

Elskuleg amma og frænka okkar,

**Oddný Sigríður Guðnadóttir**
**Odda**
frá Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð,

andaðist á Skjóli þann 28. mars
síðastliðinn. Útförin fer fram í
Fíladelfíukirkjunni í Reykjavík,
miðvikudaginn 6. apríl kl. 11.

**Fyrir hönd nánustu aðstandenda,**
**Ágúst Sigurður Björgvinsson**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Þ. Hjaltalín Árnason**
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést mánudaginn 28. mars. Útför hans
mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Eini- og
Grenihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Ásgerður Ingibjörg Jónsdóttir** **Kjartan Hauksson**
**Jóhanna Rósa Jónsdóttir** **Ríkarður Guðjónsson**
**Þórlaug Einarsdóttir**
**Jón Stefán Hjaltalín Einarsson** **Lorena N. Hjaltalín Zamfir**
**afa- og langafabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug
við andlát og útför okkar ástkæru

**Charlottu Vilborgar**
**Halldórsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á
dvalarheimilinu Ási fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hilmar Halldórsson**
**Helga Baldursdóttir**

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda
tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055 .



Jökulurð í móbergi í Hellisholtsási í Hrunamannahreppi. Urðin liggur ofan á grágrýtislagi og á efra borði þess fann Helgi jökulrispur. Þarna voru því fundin ótvíræð ummerki jökuls ofan á lagi, sem myndað var á hlýskeiði. MYND/AÐSEND

# Fjölhæfur brautryðjandi á sviði alþjóðlegra raunvísinda

150 ár eru liðin frá fæðingu jarðvísindamannsins Helga Pjeturss.

arnartomas@frettabladid.is

Sýningin Fræknustu sporin var opnuð í Þjóðarbókhlöðunni í gær í tilefni þess að liðin voru 150 ár frá fæðingardegi Helga Pjeturss. Á sýningunni er hægt að kynnast ævi og störfum raunvísindamannsins sem var um margt á undan sinni samtíð.

„Það er líklega farið að fenna yfir nafn hans eins og eflaust margra sem fæddir eru á nítjándu öldinni,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur sem er höfundur sýningarinnar. „Nú eru 150 ár liðin frá fæðingu hans og er því eðlilegt að minnast hans á þessum tímamótum. Helgi var einn af brautryðjendum raunvísinda á Íslandi.“

Helgi fæddist 1872 og gekk í Lærða skólann og nam síðar jarðfræði og skyld fræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann sneri heim til Íslands 1898 og tók til við rannsóknir hér á landi. Í fyrstu byggði hann á eldri rannsóknum Þorvalds Thoroddsen en opnaði fljótt með rannsóknum sínum nýjan skilning á jarðsögu landsins.

„Það má segja að Helgi hafi skilað mjög merkilegu starfi sem jarðfræðingur á tiltölulega stuttri starfsævi,“ segir Þorsteinn en jarðfræðirannsóknir Helga stóðu yfir um tæplega fimmtán ára skeið. „Margar af aðalniðurstöðum hans standa enn í meginatriðum og hlutu alþjóðlega viðurkenningu á sínum tíma.“

Helgi var einn af fyrstu jarðfræðingum almennt til að benda á jarðmyndanir sem greinilega sýna að hlýskeið hafi orðið á ísöldinni. „Áður töldu menn að ísöldin hefði verið samfelldur fimbulvetur í um þrjár milljónir ára, en Helgi sýndi fram á að landið hefði orðið nánast íslaust öðru hvoru á því tímabili,“ útskýrir Þorsteinn.

**Forn-Grikkir og líf á öðrum hnöttum**

Eftir 1910 sneri Helgi sér að öðrum efnum, meðal annars heimspeki og rannsóknum á eðli svefns og drauma. „Frá því að hann var ungur maður hafði hann mikinn áhuga á því að skilja hinn mikla heim sem jörðin er hluti af,“ segir Þorsteinn. „Hann hafði áhuga á sögu lífsins á jörðinni, upptökum mannkynsins og líka hinu stóra samhengi varðandi tilveru mannkynsins á þessum hnetti sem er á braut um ósköp venjulega sólstjörnu, hvort það sé undarleg tilviljun eða hvort meira geti búið þar að baki.

Helgi settist við og las mikið, þar á meðal rit forn-grískra heimspekinga og heimspekinga og vísindamanna síðari tíma.

„Hann er mjög vel að sér um alla almenna þekkingu á heiminum, jörðinni og slíku, enda lagði hann fram merkilegan skerf þar sjálfur,“ segir Þorsteinn. „Hann setti svo fram eigin kenningar sem varða uppruna og eðli lífsins, ekki aðeins á jörðinni heldur í öllum alheimi.“




Helgi nam jarðvísindi við Kaupmannahafnarháskóla.



Helgi hafði brennandi áhuga á jörðinni sem og öðrum hnöttum.

> **Áður töldu menn að ísöldin hefði verið samfelldur fimbulvetur í um þrjár milljónir ára, en Helgi sýndi fram á að landið hefði orðið nánast íslaust öðru hvoru á því tímabili.**

Um 1920 var Helgi farinn að rita um vitsmunaverur í öðrum sólkerfum og að það væri mikilvægt fyrir okkur jarðarbúa að komast í samband við þær verur.

Mikilvægur þáttur í hugsun Helga er kenning hans um að draumar séu komnir til við fjarskynjun, það er að hinn sofandi maður tengist heila og hugsun vakandi manns og sjái með hans augum. Af slíku sambandi sé draumlífið sprottið og sambandið geti jafnvel náð sólkerfa á milli.

Þorsteinn bendir á að á þeim tíma hafi venjulega verið talað um líf á öðrum hnöttum sem mannlíf, sem hefði þróast með svipuðum hætti og hér á jörð. Margt er merkilegt í ritum Helga um þessi efni, til dæmis má benda á að hann notar hugtakið „stjörnulíffræði“ (e. astrobiology) í ritum sínum löngu áður en það orð komst í almenna notkun í vísindasamfélaginu. Í dag er NASA með heila stofnun tengda þeim fræðum.

Ýmislegt í kenningum Helga stendur nærri vísindum nútímans; til dæmis gerir hann ráð fyrir því að það sé regla fremur en undantekning að hnettir fylgi sólstjörnum. Nýjustu niðurstöður stjörnufræðinga staðfesta að svo sé.“

Sýningin stendur yfir til 22. ágúst. ■

# PÁSKA TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

**Allt að 600.000 kr. afsláttur**

**Allir bílar með ábyrgð**

Allt að **100%** bílalán.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **það fylgir páskaegg öllum seldum bílum**

**- 600.000 kr.**




**Land Rover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 221 þ. km
Sjálfskiptur, Dísel
Ásett verð: 3.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.890.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Ford Kuga**
Nýsk. 3/18 Ekinn 174 þ. km
Sjálfskiptur, leður, lúga og fl.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Hyndai I-20**
Nýsk. 6/17 Ekinn 226 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 890.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 590.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Nissan Qashqai**
Nýsk. 6/18 Ekinn 206 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Honda CR-V**
Nýsk. 4/17 Ekinn 186 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Toyota Auris Live Station**
Nýsk. 5/14 Ekinn 122 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Nýsk. 5/16 Ekinn 171 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**VW Golf Trendline**
Nýsk. 6/15 Ekinn 191 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 990.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Hyundai Tucson Classic**
Nýsk. 5/16 Ekinn 211 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**-300.000 kr.**




**Subaru Forester**
Nýsk. 7/18 Ekinn 147 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.290.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.990.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Ford Kuga Titanium**
Nýsk. 7/18 Ekinn 198 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Suzuki Swift GL+**
Nýsk. 4/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

Bílafjármögnun Landsbankans

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-16
SUN: LOKAÐ

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
**20.00 Draugasögur (e)** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2010-2011** Álftanes - Reykjanesbær.
**14.35 Hljómsveit kvöldsins** Bubbi
**15.05 89 á stöðinni**
**15.25 Kvöldstund með listamanni 1986-1993** Herdís Þorvaldsdóttir.
**16.20 Agatha Christie's Poirot**
**17.10 Stiklur** Nú förum við fram eftir.
**17.50 Gamalt verður nýtt**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lesið í líkamann**
**18.29 Stundin rokkar** Slagverk.
**18.35 Húllumhæ**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós**
**20.00 Gettu betur - Á bláþræði** Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem úrvalslið gleðigjafa takast á í léttum og fjörugum spurningaleik í anda Gettu betur.
**21.10 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi.
**22.05 Ákæra um stríðsglæp Danny Boy** Sannsöguleg kvikmynd frá 2021 um ungan hermann sem leitar réttar síns eftir að hafa verið sakaður um að fremja stríðsglæp. Leikstjóri: Sam Miller. Aðalhlutverk: Toby Jones, Alex Ferns og Sarah Niles. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.30 The Turning Gættu barnanna!**
**01.00 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.00 The Bachelorette**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 Carol's Second Act**
**19.40 Black-ish**
**20.10 Where'd You Go, Bernadette**
**21.55 Beverly Hills Cop III** Framhaldsmynd frá 1994 með Eddie Murphy í aðalhlutverki. Axel Foley er í miðju kafi að rannsaka stórtækan bílaþjófnað, þegar hann rekst á mál sem er mun stærra, sömu mennina og skutu yfirmann hans.
**23.35 Fathers and Daughters**
**01.30 The Godfather Coda. The Death of Michael Corleone** Hér í þessari þriðju og síðustu mynd um Corleone-mafíufjölskylduna er Michael Corleone farinn að reskjast og vill gera fjölskyldufyrirtækið heiðvirt og löglegt og vill aðskilja sjálfan sig frá neðanjarðarheiminum.
**04.05 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Masterchef USA**
**10.05 Making It**
**10.45 Cherish the Day**
**11.25 Golfarinn**
**12.00 Framkoma**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 30 Rock**
**13.15 Mr. Mayor**
**13.35 Bara grín**
**14.05 BBQ kóngurinn**
**14.20 Grand Designs**
**15.05 The Bold Type**
**15.45 Steinda Con. Heimsins furðulegustu hátíðir**
**16.20 Real Time With Bill Maher**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.55 Fyrsta blikið**
**19.30 The Breakfast Club**
**21.10 Shirley**
**22.55 Volcano**
**00.30 The Hustle**
**02.05 The O.C.**
**02.50 Making It**
**03.30 Grand Designs**

## Margrét Lára, landsliðið og rosalegur apríl í enska boltanum

Margrét Lára Viðarsdóttir, sérfræðingur um enska og íslenska boltann, fékk sér sæti með þeim Benedikt Bóasi og Herði Snævari í Íþróttavikunni og fór yfir fréttir vikunnar. Þar var krufin frammistaða landsliðsins, þjóðarhöll og þjóðarleikvangur auk þess að farið var yfir komandi tímabil í Bestu deildinni. Að sjálfsögðu var einnig snert á enska boltanum þar sem keppnin er hörð.



## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Guðmundur Kjartansson (2.450) átti leik gegn stórmeistaranum Rasmus Svane (2.637) á EM einstaklinga.

**44. Ba5! 1-0.** Guðmundur Kjartansson var einn efstur eftir fjórar umferðir með fullt hús. Hannes Hlífar Stefánsson hafði 3 vinninga. Fimmta umferð fór fram í gær. Markús Orri Jóhannsson vann sigur á síðustu Bikarsyrpu TR. Guðrún Fanney Briem, Engilbert Viðar Eyþórsson og Nökkvi Hólm Brynjarsson urðu í 2.-4. sæti.

**www.skak.is:** EM einstaklinga.

## Krossgáta



**LÁRÉTT**
1 dufl
5 fag
6 í röð
8 síga
10 átt
11 ónóg
12 klöpp
13 svæði
15 sjávardýr
17 úrræði

**LÓÐRÉTT**
1 kaupsýsla
2 tigna
3 kvk nafn
4 pínu-ponsu
7 reyktur
9 ávarp
12 hraka
14 gaul
16 mynni

**LÁRÉTT: 1** bauja, 5 iðn, 6 gh, 8 slakna, 10 na, 11 van, 12 berg, 13 svið, 15 sæljón, 17 lausn.
**LÓÐRÉTT: 1** bisness, 2 aðla, 3 una, 4 agnar, 7 hanginn, 9 kveðju, 12 bíla, 14 væl, 16 ós.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




# Við verðum að trúa á sigur

Karl og Iryna kynntust í Úkraínu á umbrotatímum í sögu landsins. Þau vöknuðu upp við vondan draum í febrúar þegar Rússar réðust inn í landið og segja frá því hvernig er að ræða við fimm ára dóttur sína um stríðið í heimalandinu.



## Landamæri lífs og dauða

Blaðamenn Fréttablaðsins ferðuðust að landamærum Póllands og Úkraínu til þess að öðlast innsýn í líf þeirra sem hrakist hafa frá heimilum sínum vegna innrásar Rússlandshers í Úkraínu.






## Auðvelt að setja sína sögu inn í þessa

Þær Tinna Hrafnsdóttir, Aníta Briem og Edda Björgvinsdóttir fara með hlutverk mæðgna í kvikmyndinni Skjálfta en rauði þráðurinn í sögunni er þrúgandi leyndarmál sem fjölskyldan hefur aldrei rætt sín á milli og áhrif þeirrar þöggunar.




Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

# Með borgaranum í liði



**598** kr./pk.




**Smash style hamborgarar**
2x 120 g

**679** kr./pk.



**Smash style hamborgarar**
2x 140 g

**459** kr./pk.




**Hamborgarasósa**
300 ml

**598** kr./pk.




**Hamborgarakrydd**
120 g

Með íslensku flögusalti

**598** kr./pk.




**SPG krydd**
130 g

**598** kr./pk.




**Bernaissósa**
300 ml

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

# BÓNUS

Verð gildir til og með 3. apríl eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Gulu páskakertin eru komin

**98** kr./stk.



8x5 cm

**279** kr./stk.



12x7 cm

**398** kr./stk.



18x7 cm

**459** kr./24 stk.




8 klst.
brunatími

**395** kr./pk.



100 kr.
verðlækkun

**Myllan heimilisbrauð**
770 g

**698** kr./pk.



100 kr.
verðlækkun

**Bónus súrdeigsbrauð**
500 g

**3.998** kr./kg



**Frosið lambafillet**

**2.798** kr./kg



**Frosnar þykkar lambakódilettur**

**998** kr./pk.



**Appelsín og sykurlaust**
4x 2 ltr

**879** kr./pk.



**Pepsi og Pepsi max**
4x 2 ltr

**1.198** kr./pk.




**Mackintosh dós**
900 g

**1.798** kr./kg



**Frosnar þýskar kalkúnabringur**

**1.998** kr./kg



6 sneiðar
í pk.

**Íslandslamb**
lambagrillpakki



Verk á sýningunni í Þulu. MYND/AÐSEND

## Lilja sýnir í Þulu

kolbrunb@frettabladid.is

Sýning Lilju Birgisdóttur stendur yfir í Þulu gallerí og lýkur 24. apríl. Ljósmyndir Lilju eru handmálaðar með olíulitum á silver gelatin prent og eru eins konar portrettmyndir.

„Mér finnst það forvitnileg áskorun að framkalla fegurð þar sem við leitum kannski síst að henni. Fegurðin gerir þá kröfu til okkar að við nálgumst efnislega hluti og lifandi verur með ákveðinni viðhorfslegri mildi, aðeins þannig sjáum við hana,“ segir Lilja.

» Mér finnst það forvitnileg áskorun að framkalla fegurð þar sem við leitum kannski síst að henni.

Lilja lauk námi í ljósmyndun við Konunglega listaháskólann í Hollandi árið 2007 og BA-námi við Listaháskóla Íslands árið 2010. Frá námslokum hefur hún verið einn aðstandenda listamannarekna gallerísins Kling og Bang í Reykjavík og 2011 stofnaði hún listtímaritið Endemi ásamt öðrum listakonum. Lilja hefur tekið þátt í fjölda sýninga hér á landi sem og erlendis. ■



Úr sýningunni Paquita. MYND/AÐSEND

## Forward í Tjarnarbíói

kolbrunb@frettabladid.is

Forward, eini dansflokkurinn fyrir unga dansara á Íslandi, sýnir tvö verk á laugardaginn, 2. apríl, í Tjarnarbíói, eitt klassískt, Paquita, og eitt nútímaverk, Avatar. Sýningarnar eru klukkan 18.00 og 20.00. Verkið Paquita er eftir Joseph Mazilier frá árinu 1846. Avatar er afrakstur samvinnu með danshöfundinum Sigríði Soffíu Níelsdóttur. Í verkinu er hugarheimurinn skoðaður og þá sérstaklega hugarheimur dansara. Verkið er unnið út frá ljóðum eftir Siggu Soffíu sem eru á köflum flutt í verkinu og á köflum unnið úr í skissum af danssenum. ■

LEIKHÚS

**Ást og upplýsingar**
**eftir Caryl Churchill**
**Þjóðleikhúsið**
**Leikstjórn:** Una Þorleifsdóttir
**Leikarar:** Almar Blær Sigurjónsson, Baldur Trausti Hreinsson, Björn Thors, Ebba Katrín Finnsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Nína Dögg Filippusdóttir og Ragnheiður K. Steindórsdóttir
**Leikmynd:** Daniel Angermayr
**Búningar:** Eva Signý Berger
**Lýsing:** Jóhann Bjarni Pálmason
**Hljóðhönnun:** Kristinn Gauti Einarsson
**Tónlist:** Markéta Irglová og Sturla Mio Þórisson
**Þýðing:** Auður Ava Ólafsdóttir



Á heildina litið tekst hópnum afskaplega vel upp, segir gagnrýnandinn. MYND/AÐSEND

# Öldur upplýsinga

Sigríður Jónsdóttir

Eftir langa bið duttu íslenskir áhorfendur í leikhúslukkupottinn. Tvisvar. Á tæpum tveimur mánuðum hafa tvö leikrit eftir breska leikskáldið Caryl Churchill ratað á íslensk leiksvið. Eitt af nýlegri verkum þessa merkilega höfundar heitir Ást og upplýsingar og var frumsýnt í Royal Court-leikhúsinu í London árið 2012 og tæpum áratug seinna í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur.

Ást og upplýsingar er heimspekileg og skörp rannsókn á samtímanum og samskiptum á tímum upplýsingaofgnóttar. Persónum eru ekki gefin nöfn, engar leiklýsingar eru í boði og staðsetning hverju sinni er óljós. Leikritið inniheldur sjö þætti með mismörgum atriðum. Hvert atriði snýr að hugmyndum okkar um heiminn, hvernig við staðsetjum okkur í samfélagi óþrjótandi upplýsinga og birtingarmyndum ástarinnar. Rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir hefur haft nóg að gera upp á síðkastið en hún þýddi líka Ég hleyp fyrir Borgarleikhúsið. Henni tekst vel til að mestu en samt ber á nokkrum hnökrum þegar orðfærið var of formlegt eða stirt, sem er á skjön við annars lipra sýningu.

### Krefjandi texti

Í upphaflegu sýningunni voru leikararnir sextán en hér eru þeir einungis átta sem skipta á milli sín fjölmörgum persónum. Skemmtileg aldursbreidd er í hópnum en yngsti meðlimur leikhópsins útskrifaðist úr leiklistarskóla 2021 og sá elsti árið 1975. Á heildina litið tekst hópnum afskaplega vel upp en texti Churchill er krefjandi, persónur grípa oftar en ekki fram í fyrir hver annarri og setningar fjara út.

Ekki þarf að segja neinum að Björn Thors sé hæfileikaríkur leikari. Nálgun hans í Ást og upplýsingum er afslöppuð og oft á tíðum bráðfyndin en stundum styðst hann við gamla takta í stað þess að prófa eitthvað nýtt. Ebba Katrín Finnsdóttir hefur verið á fínu flugi síðastliðin misseri og finnur margs konar fleti á sínum karakterum, þó að raddbeitingu hennar sé stundum ábótavant. Katrín Halldóra Sigurðardóttir færði sig um set frá Borgarleikhúsinu til Þjóðleikhússins nýlega og verður forvitnilegt að sjá hana á gömlum slóðum. Hún sýnir hér hversu góða breidd hún hefur sem leikkona, grínið kemur aðeins auðveldlegar til hennar en atriðið þar sem hún berst við að fara með gamlan Bítlaslagara var áhrifamikið.

Ragnheiður K. Steindórsdóttir sýnir að hún hefur engu gleymt, ber mýktina með sér en fær sömuleiðis tækifæri til að tækla kómík og dramatík sem hún nýtir sér afskaplega vel. Baldur Trausti Hreinsson gerir slíkt hið sama en hans eftirminnilegasti karakter er Guðmundur, eina persónan sem ber nafn, og í atriðunum þegar þögnin segir allt sem segja þarf. Hilmar Guðjónsson nær líka góðum tökum á þessu leikandi flæði, öruggur í gríninu og er sterkur í hlutverki hins aulalega meðaljóns.

Nýliðinn Almar Blær Sigurjónsson og stórleikkonan Nína Dögg Filippusdóttir bera þó af í þessum sterka leikhóp. Almar Blær stígur á svið með sjálfsöryggið að vopni, uppfullur af ferskri orku og með sterka nærveru. Hér er á ferðinni leikari sem vert er að fylgjast með. Nína Dögg finnur ný blæbrigði nánast fyrir hverja einustu persónu sem hún leikur. Við sjáum alltaf einhverja nýja hlið á henni í hverju atriði. Hvort sem er sem persónugerving þunglyndis, eina persónan sem kemur oftar en einu sinni fyrir, eða gelgjulega samstarfskonan.

### Flæðandi upplifun

Ást og upplýsingar er flæðandi upplifun, atriðin renna áfram og leysast síðan upp til að búa til pláss fyrir það næsta. Una finnur fjölbreyttar og frumlegar leiðir til að kveikja neista undir textunum. Eina reglan sem Churchill setur er að þættirnir verða að vera í réttri röð en leikstjóranum er frjálst að færa atriðin innan þeirra. Að auki er að finna nokkur ótengd atriði sem má setja hvar sem er inn í framvinduna. Þetta gefur leikstjórum mikið frelsi til að finna sinn eigin vinkil á framvindunni og hæfileikar Unu blómstra í slíku umhverfi. Eva Signý Berger er einn áhugaverðasti búningahönnuður landsins. Hún kemur með litagleðina inn í annars skjannahvíta leikmyndina þó að stundum virtust búningarnir ekki passa leikurunum nægilega vel.

### Fyllt í eyðurnar

Daniel Angermayr kemur með nýjar listrænar áherslur en Ást og upplýsingar er hans fyrsta verkefni á Íslandi. Grunnliturinn er hvítur eins og áður segir en áferðin á leikmyndinni mismunandi. Leikmyndin þjónar sýningunni og leikurunum frábærlega sem er merki um góðan leikmyndahönnuð. Lýsingarhönnun Jóhanns Bjarna Pálmasonar hefur sjaldan verið betri og það undir frekar erfiðum kringumstæðum. Hann hannar fókuspunktana af nákvæmni en notar ýmis uppbrot samhliða. Markéta Irglová og Sturla Mio Þórisson semja tónlistina og samvinna þeirra með hljóðhönnuðinum Kristni Gauta Einarssyni styður sömuleiðis lipurlega við framvinduna á lágstemmdan máta.

Ást og upplýsingar sannar endanlega að Caryl Churchill á heima á íslensku leiksviði. Hér er á ferðinni heimspekilegt og smellið hugmyndaleikhús sem er ekki matað ofan í áhorfendur heldur fá þeir tækifæri til að fylla inn í eyðurnar, ekki bara þessa eina kvöldstund heldur lengi á eftir. Una setur hér fram eina af sínum bestu leiksýningum með góðri aðstoð leikhópsins og listræna teymisins. ■

” Ást og upplýsingar er flæðandi upplifun, atriðin renna áfram og leysast síðan upp til að búa til pláss fyrir það næsta.

**NIÐURSTAÐA:** Eftirminnileg sýning sem gefur áhorfendum ofgnótt af upplýsingum til að melta og njóta.

# Gestir og listafólk á Eldborgarsviðinu

kolbrunb@frettabladid.is

Á tónleikum í Heimssviðs-tónleikaraðar Hörpu miðvikudaginn 6. apríl stígur sópransöngkonan Álfheiður Erla á Eldborgarsviðið ásamt píanóleikaranum Kunal Lahiry, dansaranum Mörtu Hlín Þorsteinsdóttur og strengjakvartett. Gestir og listafólk deila saman Eldborgarsviðinu á þessum einstaka Heimssviðsviðburði en þetta mun vera í fyrsta sinn sem það er gert.

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í flokknum sígild og samtímatónlist árið 2021 og starfar nú sem einsöngvari við Theater Basel í Sviss.

Á viðburðinum þar sem saman fléttast tón-, dans- og sjónlistir, hljómar ljóðaflokkurinn Apparition eftir bandaríska tónskáldið George Crumb, sönglög eftir finnska tónskáldið Jean Sibelius, frumflutningur á verki eftir bandaríska tónskáldið Nico Muhly auk nýrra útsetninga Viktors Orra Árnasonar á íslenskum þjóðlögum fyrir píanókvintett og söng. ■



Álfheiður Erla og Kunal Lahiry.

# Mögulega þín nýja uppáhalds

Mikið úrval af nýjum og spennandi kiljum!




Natríumklóríð
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Hvarf Jims Sullivans
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Upplausn
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.669 KR.




10 dagar (í helvíti)
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.669 KR.




Elsku sólir
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Dauðinn og mörgæsin
**3.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.669 KR.




Velkomin heim
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Brotin bein
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.159 KR.




Næturverk
**4.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 1. apríl eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

## Ertu með eitthvert lag á heilanum?



**Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur**
Ég er alltaf með One of these nights með Eagles á heilanum.



**Þorvaldur Davíð Kristjánsson, leikari**
Nýja sænska Eurovision-lagið, Hold me closer með Corneliu Jakobs.



**Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, aktívisti**
Já, reyndar, það er Wrecking Ball með Miley Cyrus.



**Páll Óskar Hjálmtýsson, stjarna**
Akkúrat núna er ég með lag á heilanum sem er flutt af ungri poppstjörnu. Hún heitir Kali Uchis og lagið heitir Fue mejor. ■

# Útlendingastofnun gefur lítið fyrir fyrirtæki og frægð á TikTok

Bandarískri samfélagsmiðlastjörnu sem rekur ráðgjafarfyrirtæki á Íslandi, hefur verið synjað um dvalarleyfi á þeim forsendum að hún hafi ekki sérmenntun í sínu fagi. Hún segir menntunina ekki til og flutningur hennar úr landi yrði harður missir fyrir íslenskt atvinnulíf.

ninarichter@frettabladid.is



Útlendingastofnun hefur gefið Kyönu Sue Powers 24 daga til að flytja af landi brott. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hin bandaríska Kyana Sue Powers kom fyrst til Íslands árið 2018. Hún segist umsvifalaust hafa fallið fyrir landi og þjóð og ákveðið í þeirri ferð að flytja til landsins. „En það var erfitt að fá landvistarleyfi. Ég gekk á fund sendiráðsins í Bandaríkjunum og sagði þeim að ég hlyti að vera að missa af einhverju í smáa letrinu,“ segir hún. „Við mælum með að þú giftist Íslendingi, var svar þeirra. Það var í alvörunni þeirra faglega álit,“ segir Kyana Sue. „Þannig að ég hugsaði að kannski væri einfaldara að búa á Íslandi í þessu ferli. Ég seldi síðan allt sem ég átti og flutti til Íslands og sótti um atvinnuleyfi,“ segir hún.

**Hafnað af hundrað fyrirtækjum**

En atvinnuleitin gekk ekki vel. „Enginn vildi ráða bandarískan ríkisborgara í vinnu, ekki síst vegna þess að það var svakaleg pappírsvinna sem þessu fylgdi,“ segir Kyana Sue, og leggur áherslu á að hún hafi ekki verið reynslulaus. „Ég var ekki einhver krakki með enga menntun, ég er með mastersgráðu. Hundrað fyrirtæki höfnuðu umsókn frá mér,“ segir hún.

Hún segist hafa fengið ráð um að læra jöklaleiðsögn til að tryggja möguleika á starfi. „Það er sérhæfð þekking og fólk sem þekkir til mælti með því.“ Kyana Sue segist hafa lokið þeirri þjálfun í mars 2020, á sama tíma og heimsfaraldurinn náði ströndum Íslands. „Eftir að ég lauk því námskeiði fékk ég atvinnutilboð. Degi seinna fékk ég símtal frá sama aðila þar sem viðkomandi sagðist hafa heyrt af nýtilkomnu ferðabanni Donalds Trump, milli Bandaríkjanna og Íslands.“ Tilboðið var í framhaldinu dregið til baka og samkomubönn tóku við.

**Eftirsótt af markaðsdeildum**

Kyana Sue segist hafa þráð að búa hér á landi og því hafi hún brugðið á það ráð að skrá sig í háskólanám.

> ” Við mælum með að þú giftist Íslendingi, var svar þeirra. Það var í alvörunni þeirra faglega álit.

„Það er ekki dýrt og ég vissi að það væri miðinn minn inn í landið. Ekki að mig vantaði menntunina, heldur vegna þess að enginn vildi ráða mig í vinnu svo að ég gæti sótt um dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku,“ segir hún. Kyana sótti nám við Háskóla Íslands í eitt ár. „Á þessu ári byrjaði ég að nota TikTok og Insta-reels af alvöru og þetta varð stórt. Efnið veitti fylgjendum mínum innblástur til að koma til Íslands, ferðast hingað eða flytja hingað.“

Kyana Sue segir að þá hafi markaðsdeildir íslenskra fyrirtækja farið að taka eftir henni. „Ég varð sérfræðingur í TikTok og Instagram. Fólk kom til mín og bað um leiðsögn, hvort ég gæti kennt þeim að gera það sama og ég var að gera og hvernig hægt væri að nýta þessa miðla í þeirra vinnu,“ segir hún.

**Hvatti þúsundir til ferðalaga**

„Ég stofnaði þá næst fyrirtæki sem sérhæfði sig í einmitt þessu. Þetta fyrirtæki sér líka um minn eigin TikTok-reikning, en ég er eina manneskjan sem sérhæfir sig í akkúrat svona efni á Íslandi. Ég er líka sú eina með vettvang til að hvetja mörg þúsund manns, ekki bara til þess að ferðast til landsins, heldur líka til að flytja hingað. Það er til dæmis fullt af erlendum nemum í háskólanum bara af því að ég var þar,“ segir Kyana Sue.

Hún segist hafa byrjað á umsóknarferlinu fyrir dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku á Íslandi fyrir tíu mánuðum síðan, á forsendum sérþekkingar í sínu fagi. „Í desember fékk ég bréf þar sem ég var beðin að útlista frekar í hverju þekkingin fælist, þar sem nefndin þekkti ekki nógu vel til.“

Fyrr í mánuðinum var umsókninni hafnað á þeim forsendum að Kyana Sue hefði ekki sérmenntun á sviði samfélagsmiðlunar og að auk þess væri verið að vernda íslenskt vinnuafl. „Eins og ég væri að stela vinnu af Íslendingunum? En ég er með íslenska verktaka og get sannað það. Hver einasti viðskiptavinur hefur komið til mín, en ég leita þá ekki uppi utan úr bæ. Að ég færi úr landinu væri missir fyrir íslenskt atvinnulíf,“ segir hún. „Fyrir utan það að ég veiði þúsundir manns inn í landið í gegnum ferðamennsku.“

Kyana Sue segist hafa 23 daga til þess að pakka saman. „En ég þarf að berjast, allt líf mitt er hér og ég hef ekkert annað við að vera. Ég hef fest sterkar rætur í íslensku samfélagi,“ segir hún og bætir við að hún sé að vinna að heimildarmynd um baráttu sína fyrir dvalarleyfi á landinu sem verður frumsýnd á mánudag. „Við erum að sjálfsögðu að áfrýja, en það tekur 24 mánuði. Ég hef 24 daga.“ ■

# Barnabar þar sem börnin stýra og fullorðnir hlýða

ninarichter@frettabladid.is

„Þetta er viðburður þar sem krakkar eru með valdið,“ segir Kara Hergils Valdimarsdóttir, kynningarfulltrúi þátttökuverksins Barnabarsins, sem sett verður upp í Norræna húsinu 9.-10. apríl. Barnabarinn er hluti af Barnamenningarhátíð í Reykjavík.

„Þetta er viðburður þar sem krakkar eru með valdið. Það að bjóða fullorðnum að koma og upplifa Barnabarinn. Þar er hægt að fara á trúnó með barni, hægt að kaupa klippingu frá barni, fá tattú frá barni og fá skemmtilegan kokkteil. Það verða alls konar uppákomur á þessum bar. Þetta er rými þar sem börnin stýra og fullorðnir hlýða,“ segir Kara. Á Barnabarnum eru ýmsar reglur. „Þarna ríkja lögmál, þarna er til dæmis bannað að segja orð eins og á morgun og kannski. Þetta snýst um að vera í núinu,“ segir hún.



Hægt er að fá sér tattú á Barnabarnum. MYNDIR/SVANHILDUR G. KRISTJÁNSDÓTTIR



Salvör og og Hrefna Lind.

Stjórnendur og stofnendur Barnabarsins eru Salvör Gullbrá og Hrefna Lind. „Salvör er búin að vera með verkefnið Krakkaveldi í svolítinn tíma.“ Í fréttatilkynningu vegna viðburðarins segir að Krakkaveldi sé lýðræðislegt sviðslistaverkefni þar sem krakkar halda pólitíska fundi, gera gjörninga og skrifa ráðamönnum bréf. „Krakkaveldi snýr að því að láta börnin stýra. Þau fá að búa til sína útópíu og skapa út frá sinni lífssýn. Þetta er þannig annað verkefni en unnið innan þess ramma,“ segir Kara.

Hægt er að nálgast miða á Tix.is, en frítt er inn á viðburðinn. ■


NÓA
NÓA
APPELSÍNU
KROPP
10 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA
200 g
ÞAÐ ER LOKSINS KOMIÐ AFTUR!
Eins og allir vita þá passa appelsínur og súkkulaði ótrúlega vel saman. Hvað er betra en súkkulaði með appelsínubragði? Nú auðvitað Nóa Kropp með appelsínubragði!
Aðeins í takmörkuðu magni í tilefni af tíu ára afmælinu.
Ekki missa af þessari brakandi snilld!
cocoa HORIZONS
NÓI SÍRÍUS








Ólafur Örn Ólafsson og Ragnar Eiríksson, matreiðslumenn á Brút, sýna tökumanni BBC sýni af kjötlíki sem boðið verður upp á í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Falskur fiskur og kjöt af tilraunastofu í boði á Brút

**Matreiðslumeistarar á Brút, í samstarfi við Háskóla Íslands og Íslenska erfðagreiningu, hafa ræktað steikur og fiskflök til manneldis. Veitingahúsið Brút verður þannig með fyrstu veitingastöðum í Norður-Evrópu til að bera fram svokallað kjötlíki og er þetta í fyrsta sinn sem fiskur er búinn til með þessum hætti.**

margret@frettabladid.is
ninarichter@frettabladid.is

Undirbúningur verkefnisins Samviskupróteinið var unninn með styrk úr Nýsköpunarsjóði, auk þess sem erlend einkafyrirtæki komu að fjármögnuninni. Íslendingar leiddu verkefnið og segir forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kári Stefánsson, verkefnið vera tímamótatilraun.

„Það er alls ekki það sama að rækta lifur til að setja í manneskju eða að rækta steik sem hún borðar,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, „en það er ágætisupphitun.“ Kári segir dýraverndunarsjónarmið hafa heillað, „að geta notið kjöts sem aldrei hefur verið tekið af hófunum.“

Árið 2012 tókst hollenskum vísindamönnum fyrst að framleiða kjöt með þessum hætti með stofnfrumum úr kýrvöðva en þá var aðferðin afar dýr og þótti ekki vænleg til þess að framleiða kjöt í miklu magni. Íslenskt vísindafólk hefur nú fundið leið til að framleiða kjöt og fisk, í fyrsta sinn, í magni sem hentar einum veitingastað.

**Setja kvótakerfið seint á hliðina**

Athygli vekur að þetta er í fyrsta sinn sem fiskmeti er framleitt á þennan hátt. „Þetta tilraunaverkefni hjá okkur nær að sinna einum veitingastað eins og staðan er í dag, ekki heilum markaði, svo við erum varla að setja kvótakerfið á hliðina. Þó að það væri auðvitað frábær bónus ef við myndum ná því,“ segir Kári.

Aðspurður hvort einhvern tímann væri hægt að smakka á útdauðum dýrum og hvort fólk gæti jafnvel séð geirfugla-carpaccio á matseðlinum, svarar Kári: „Það væri hægt,



Veitingastaðurinn Brút er fyrsta veitingahúsið í Norður-Evrópu til að bjóða upp á kjötlíki og það fyrsta í heiminum með fisklíki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

”

**Við köllum þennan karfa Kára hér innanhúss.**

já, en ég held að strákarnir hafi ekki budget í það.“

**BBC fjallar um málið**

Þegar ljósmyndara og blaðamann Fréttablaðsins bar að garði á Brút var tökulið frá BBC á staðnum. „Þetta litla verkefni vekur athygli bæði í matar- og vísindaheiminum,“ segir Ólafur Örn Ólafsson, veitingamaður á Brút. Staðurinn sérhæfir sig í grænkeraréttum og íslensku hráefni.

„Við viljum með þessu leggja umhverfinu lið. Nautgriparækt tekur til dæmis mikinn toll og margir sem borða ekki kjöt sleppa því einfaldlega út af umhverfinu. Þarna missir engin skepna lífið til að þú getir fengið þína steik og Íslensk erfðagreining er loksins búin að finna leið til að framleiða þetta í einhverju magni, og því er hægt að bjóða þetta á viðráðanlegu verði,“ segir hann.

**Fullkomin væntingastjórnun**

Ragnar Eiríksson matreiðslumaður fullyrðir að verðið sé ekki fyrirstaða, hvorki í innkaupum né sölu til neytenda. „Þarna ertu með hráefni sem þú veist nákvæmlega hvar þú hefur, ekki bara upp á magn heldur líka gæði. Ég er ekki að lenda í einhverjum sinum eða of litlili eða of mikilli fitu, heldur getum við stjórnað algjörlega gæðastandardinum, svo matarsóun er engin, og það er eitthvað sem mig hefur langað að segja lengi í mínum bransa,“ segir hann. „Við getum líka stjórnað svo mörgu öðru, í þessu kjöti erum við til dæmis ekki með vaxtarhormón eða slík efni sem geta verið hættuleg heilsu fólks.“

Ragnari er mikið í mun að einn innanhússbrandari fái að fljóta með: „Við köllum þennan karfa Kára hér innanhúss.“

Tilboð verður á tveggja rétta seðli í hádeginu í dag, föstudag, á veitingastaðnum Brút til að kynna verkefnið og skoða áhuga almennings. Í forrétt er Samvisku-nautatartar og jarðskokkamauk og í aðalrétt er karfi, „Kári“ með tómötum, ólífum og ólífuolíu. Matseðillinn kostar 3.900 krónur. Kári ætlar að mæta í hádeginu og segist spenntur, „eins spenntur og svona skarfur eins og ég getur orðið.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# BARNIÐ VEX OG BÓKIN MEÐ




Bækur eru gott veganesti inn í lífið.

Skoðaðu úrvalið á **forlagid.is**
og í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




## Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

# Á túr

Um daginn skrifaði dóttir mín ritgerð um túr og fátækt. Nánar tiltekið um aðstæður stúlkna og kvenna um allan heim sem ekki hafa aðgang að tíðavörum. Þar kemur fram að 500 milljónir kvenna og stúlkna búa við tíðafátækt, sem er skilgreind þannig að þær hafa hvorki aðgang að túrtöppum né dömubindum. Stór hluti vandamálsins felst einnig í litlu öryggi salernisaðstöðunnar, ef þær hafa aðgang að henni, og þær eru því berskjaldaðar fyrir ofbeldi.

Nú þykist ég vita að einhverjum lesendum finnist sérkennilegt að lesa orðin blæðingar, túr, túrtappar og dömubindi á baksíðu Fréttablaðsins. Í því kjarnast einmitt vandinn. Þrátt fyrir að næstum helmingur mannkyns hafi blæðingar, að meðaltali í fjórtíu ár, virðast þær enn vera feimnismál og víða í heiminum fylgir þeim mikil skömm.

Bein áhrif vanþekkingar og skammar vegna blæðinga eru meðal annars að um helmingur stúlkna í Indónesíu og Úganda mæta ekki í skólann þegar þær eru á túr og missa þannig af heilum mánuði af kennslu á ári. Í Nepal, Eþíópíu og á Indlandi er skömmin svo mikil að konur eru víða sendar í blæðingakofa þar sem þær eru geymdar á meðan þær eru á túr - eða að jafna sig eftir barnsfæðingar.

Tíðafátækt er líka að finna í löndunum nær okkur. Rúmlega 60% bandarískra stúlkna og kvenna eiga iðulega í vandræðum með að fjármagna kaup túrtappa og dömubinda.

Hvernig er staðan á Íslandi? Það er kominn tími til að bjóða ókeypis tíðavörur á öllum salernum í almannarýmum – og þá sérstaklega í skólum landsins – við hliðina á klósettpappírnum. ■






ELKO



# BRUNAÐU UM BÆINN Í SUMAR

**XIAOMI**
**Mi M365 rafmagnshlaupahjól**
- Allt að 30 km drægni
- 25 km/klst. hámarkshraði
- Tvöfalt bremsukerfi
- Ljós að framan og aftan

X1003

**49.995**



**HAPPY PLUGS**
**Air 1 Zen þráðlaus heyrnartól**
- Alveg þráðlaus, Bluetooth 5.2
- Allt að 36 klst. rafhlöðuending með hleðsluhylki
- Bakteríudrepandi tækni

HAPPYAIRIZENMIN -WH -PK

**12.990**

## SKANNAÐU KÓÐANN TIL AÐ SKOÐA FLEIRI FERMINGAR-GJAFIR SEM HITTA Í MARK



**HOMBLI**
**RGB LED borði - 5m**
- Marglita LED borði
- Hægt að stytta eða lengja
- Stjórnað af snallsíma
- IP65 ryk-og vatnsvarinn

HOM85012SL

**8.995**



## GÓÐ HEYRNARTÓL GERA ALLA DAGA BETRI

**BOSE**
**QuietComfort 45 þráðlaus heyrnartól**
- Þráðlaus - Bluetooth 5.1
- Allt að 24 klst. rafhlöðuending
- Virk hljóðeinangrun (ANC), Aware Mode
- IPX4 svitþolin

8667240100 8667240200

**58.995**



**DYSON**
**Airwrap Styler Complete**
- Hámarksárangur í hvert skipti
- Þurrkar og stílar hárið á sama tíma
- 3 hraðastillingar og 4 hitastillingar
- 6 aukahlutir og flott taska fylgja

DYS310733

**99.995**

## VINSÆLL Á TIKTOK



**REVLON**
**Pro Collection One Step hárbursti**
- 800W DC mótor
- Ion tækni og keramikhúðun
- Létt hönnun
- 3 hitastillingar

RVDR5222E

**10.995**



**REMINGTON**
**T-Series hár- og skeggsnyrtir**
- 1,5 - 25 mm
- 9 kambar
- Premium 38 mm T-Blade
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending

MB7050

**19.990**

## ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA



**OCULUS**
**Quest 2 VR-gleraugu**
- Sjálfstæð sýndarveruleikagleraugu
- Tengjanleg við tölvu með Oculus Link
- 1832x1920 upplausn f. hvort auga
- 128 GB útgáfan

OCULUSQUEST2128GB

**69.995**



**NOS**
**Z-300 3-í-1 leikjasett**
- NOS M-350 leikjamús
- NOS K-400 leikjalyklaborð
- NOS H-200 leikjaheyrnartól
- 3,5 mm tengi á heyrnartólum

NOS396152

**11.995**



**NINTENDO**
**Switch leikjatölva**
- 6,2" 1280x720 snertiskjár
- Tengist við sjónvarp
- 32 GB flash geymsla
- Micro SD minniskortarauf

SWI32GBGREY SWI32GBNEON

**59.995**

Raðgreiðsluverð miðast við 12 mán. vaxtalaust lán hjá Síminn Pay : 0% vextir / 3,5% lántökugjald / 755 kr. greiðslugjald

ELKO

# VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA RÉTTU FERMINGARGJÖFINA



CASE LOGIC
**Reflect 13,3" fartölvuhlíf**
- Fyrir 13,3" fartölvur
- Bólstrað innvols
- Fleiri stærðir í boði

18REFPC113EV

**6.495**



LEFRIK
**Handy bakpoki**
- Úr endurunnum vatnsvörnum efnum
- Tekur allt að 15,6" fartölvu
- Sérhólf fyrir spjaldtölvu

LEF202067

**7.995**



15.000 KR. AFSLÁTTUR

APPLE
**MacBook Air M1 13" fartölva**
- 2560x1600 13,3" Retina IPS skjár
- 8 kjarna Apple M1 örgjörvi
- 8 GB LPDDR4X 4266 MHz vinnsluminni
- 256 GB M.2 PCIe SSD minni
- Allt að 18 klst. rafhlöðuending

Z124 Z127 Z12A

Verð áður: 204.995

**189.995**

Eða **17.142 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 205.705 kr. - ÁHK 15%

## SPJALDTÖLVUR Í ÚRVALI



APPLE
**iPad 10.2" spjaldtölva (2021)**
- True Tone skjár sem gefur betri mynd og liti
- Betri og hraðari örgjörvi (A13)
- Ultra Wide myndavél að framan með Center Stage
- Virkar með Apple Pencil 1st gen

MK2L3 MK2K3

**64.995**

Eða **6.348 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 76.172 kr. - ÁHK 37%



APPLE
**iPad mini 8,3 " spjaldtölva (2021)**
- 8,3" Liquid Retina True Tone skjár
- A15 Bionic örgjörvi ásamt 5 kjarna skjástýringu
- Betri myndavélar með hristivörn og 4K upptöku
- Virkar með Apple Pencil 2nd gen.

MLWL3 MK7R3 MK7P3 MK7M3

**99.995**

Eða **9.380 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 112.555 kr. - ÁHK 26%

E Orkuflokkur | 18 kw/1000 klst Orkunotkun




SAMSUNG
**T35F 27" tölvuskjár**
- 27" Full HD 1920x1080 IPS skjár
- 5 ms, 75 Hz endurnýjunartíðni
- Eye Save Mode
- HDMI og VGA tengi

LF27T350FHUXEN

**31.995**

G Orkuflokkur | 40 kw/1000 klst Orkunotkun



INNBYGGT NETFLIX, OFFICE O.FL.

SAMSUNG
**Smart Monitor M7 32" skjár**
- 32" UHD 3840x2160 VA skjár
- Tizen OS snjallstýrikerfi, Innbyggt Office 365 o.fl.
- HDMI, USB-C, Bluetooth, Wifi tengingar
- Vegghengjanlegur, fjarstýring fylgir

LS32AM700UUXEN

**79.995**

SKANNAÐU KÓÐANN TIL AÐ SKOÐA FERMINGAR-BLAÐIÐ Í HEILD SINNI

## OFURÞUNN TÖLVA MEÐ AMOLED SKJÁ OG INTEL I5 ÖRGJÖRVA



-28%

SAMSUNG
**Galaxy Book Pro 15,6" fartölva**
- 15,6" FHD 1920x1080 AMOLED skjár
- Intel i5-1135G7 örgjörvi
- 8 GB RAM og 256 GB M.2 NVMe SSD
- Allt að 20 klst. rafhlöðuending

NP950XDBKB1SE

Verð áður: 214.995

**154.995**

Eða **14.123 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum - Alls 169.480 kr. - ÁHK 19%

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana.